



Katrín Jakobsdóttir hitti Selenskij forseta Úkraínu er hún var í landinu í gær með Þórdísi K. R. Gylfadóttur utanríkisráðherra. SJÁ SÍÐU 2 MYND/STJÓRNARRÁÐIÐ



Ferðamenn fúlsa við rafbílunum

helgisteinar@frettabladid.is

MARKAÐURINN Forstjóri BL segir bílaleigubíla flesta knúna bensíni eða dísilolíu þar sem ferðamenn kjósi þá fram yfir rafmagnsbíla. „Innviðirnir eru ekki komnir á þann stað sem við viljum og margir ferðamenn kunna heldur ekki enn á rafmagnsbíla. Fyrir utan þá Bandaríkjamenn sem keyra Teslur, þá kemur stór hluti ferðamanna frá löndum sem notast ekki mikið við rafmagnsbíla,“ segir Erna Gísladóttir, forstjóri BL. Íslendingar eru þó að sögn Ernu í öðru sæti á heimsvísu eftir Norðmönnum er komi að hlutfalli nýseldra rafmagnsbíla. Framboð slíkra bíla hafi aukist til muna. SJÁ SÍÐU 9

Lög haldlaus í jarðakaupum

Fyrirverandi innanríkisráðherra segir einfalt fyrir erlenda auðkýfinga að fá undanþágur frá lögum um jarðakaup. Útivistarfolk hefur áhyggjur af aðgengi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ögmundur Jónasson, fyrirverandi innanríkisráðherra, segir að kaup kanadísks auðjöfurs á jörðinni Horni, þar sem Skessuhorn stendur, sýni að ekkert hald sé í lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Lítið mál sé fyrir auðmenn utan EES-svæðisins að uppfylla skilyrði laga um jarðakaup. Það er að hafa einhver tengsl við Ísland eða stunda hér atvinnustarfsemi. „Þú þarft aðeins að sýna fram á einhverja atvinnustarfsemi. Það er



Það er nóg að leigja út eitt herbergi.



Ögmundur Jónasson, fyrirverandi innanríkisráðherra

nóg að leigja út eitt herbergi,“ segir Ögmundur. „Það er ekkert hald í þessu.“ Ögmundur hafnaði kínverska auðjöfrinum Huang Nubo um að

kaupa Grímsstaði á Fjöllum 2011. Þá hafði innanríkisráðherra það í hendi sér hver fengi undanþágu. Ögmundur segist hafa viljað tryggja að eignarhald á jörðum væri sem mest innan landsteinanna og að hann hafi verið með frumvarp í bígerð um að aðeins fólk á EES-svæðinu mætti eiga hér jarðir. Í ráðherratið Hönnu Birnu Kristjánsdóttur hafi hins vegar verið skipt um kúrs og þar við situr. Sveinbjörn Halldórsson, formaður Samtaka útivistarfélaga (SAMÚT), segir félagið ekki sátt við að verið sé að selja jarðir til erlendra auðkýfinga. „Það hefur verið erfitt fyrir okkur að ferðast um þau svæði sem hafa verið seld til erlendra auðkýfinga. Margir þeirra hafa lokað vegum, slóðum og gönguleiðum,“ segir Sveinbjörn. SJÁ SÍÐU 4





Sýningum lýkur í mars

Ellen B.

Mayenburgþríleikurinn I

★★★★

Þ.T. Mbl.

„heimsviðburður“

SJ. Fbl.



Birta Líf Kristinsdóttir.

Birta ekki tilbúin að lýsa yfir ísöld

arnartomas@frettabladid.is

VEÐUR Frosthörkum á landinu linnir ekki á næstunni samkvæmt veðurspá. Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segist ekki hafa lesið neina langtímaþróun úr frostinu.

„Það er að minnsta kosti engin hitabylgja á leiðinni,“ segir hún en kveðst ekki tilbúin að lýsa því yfir að það sé komin ísöld. Orsök frostsins sé í stuttu máli staða veðrakerfa.

„Það er að koma til okkar kalt loft langt norðan úr hafi,“ segir hún. „Allar kröftugustu lægðirnar sem myndast á skilum hlýja og kalda loftmassans eru að fara langt suður af okkur. Hlýja loftið sem fylgir kemst þannig ekki til okkar.“

Þótt sumir huggi sig við að hægur vindur geri frostið bærilegra segir Birta Líf það þó tvíbent.

„Því meiri sem vindurinn er, því kaldara virðist vera, en því minni sem vindurinn er, því meira safnast mengunin upp,“ segir hún. „Á svona sólríkum stilludögum, þegar það er heiðskírt og kalt, safnast svífrykið og mengunin saman. Það er ekkert gott heldur.“ ■

Góði hirðirinn á nýjum stað



„Í byrjun mars voru komin um 90 tonn inn í húsið og ég á eftir að taka við um 110 tonnum. Þetta er rosalegt magn,“ segir Ruth Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Góða hirðisins. Starfsmenn fyrirtækisins vinna nú að því að koma um 200 tonnum af notuðum vörum inn í nýja verslun við Köllunarklettsveg. Ruth segist vonast til þess að geta opnað dyr verslunarinnar aftur í byrjun apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fannst magnað að hitta Selenskíj

benediktarnar@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, fór á fund Volodímírs Selenskíj, forseta Úkraínu, í Kænugarði í gær og ræddu þau áframhaldandi stuðning Íslands við Úkraínu og undirrituðu yfirlýsingu þess efnis.

„Það er rosalega sérstakt að koma á svona svæði þar sem það er verið að reyna að láta lífið ganga sinn vanagang. Maður verður samt var við ummerki stríðsins úti um allt,“ sagði Katrín við Fréttablaðið í gær og bætti við að það hefði verið magnað að hitta Selenskíj.

„Þetta er merkilegt, að hitta einhvern sem þú hefur hitt bara á skjá. Það er magnað að sjá þennan mann sem ætlaði sér örugglega aldrei



Forsætisráðherra Íslands og forseti Úkraínu í gær. MYND/STJÓRNARRÁÐIÐ

þetta hlutverk en er í því núna. Það fór vel á með okkur, hann er hlýlegur maður í samskiptum,“ sagði Katrín. ■

Sunna glímir við sjaldgæfan sjúkdóm og kerfið að auki

Faðir stúlku sem glímir við sjaldgæfan sjúkdóm segir að líf fjölskyldunnar hafi frá fæðingu dótturinnar einkennst af ítrekuðum neitunum frá kerfinu. Nú síðast var þeim synjað um sérstakt þríhjól.

jonthor@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Sigurður Hólmur Jóhannesson, faðir Sunnu Valdísar, sautján ára stúlku sem glímir við erfiðan og sjaldgæfan taugasjúkdóm, gagnrýnir kerfið sem dóttir hans og fjölskylda þeirra glímir við. „Krafa kerfisins er að börnin falli í þeirra kassa, jafnvel þó að þeir henti þeim alls ekki,“ segir Sigurður. „Þetta er búin að vera saga okkar síðan hún fæddist; að berjast við kassa kerfisins.“

Sjúkdómurinn sem Sunna glímir við heitir AHC. Sigurður lýsir honum sem sjúkdómi með einkenni allra annarra taugasjúkdóma. AHC einkennist meðal annars af greindarskerðingu og tímabundinni lómun og krömpum í útlimum. Þetta birtist í köstum sem geta staðið yfir í klukkustundir eða nokkra daga.

„Í síðustu viku, til dæmis, var hún í og úr köstum í fimm daga,“ segir Sigurður. „Það sem triggerar er áreiti eins og hávaði, fjölmenni eða mikil birta. Hún má til dæmis ekki fara í afmæli.“

Þá þurfi jafnframt að passa að ekki sé of gaman hjá Sunnu, eða of leiðinlegt. „Þetta er algjör línudans,“ útskýrir Sigurður.

Síðastliðinn föstudag ákvarðaði úrskurðarnefnd velferðarmála að synja Sunnu um styrk til að kaupa sérstakt hjól. Um er að ræða þríhjól þar sem tveir sitja og báðir geta hjólað. Sigurður telur að hjólið myndi



Sunna Valdís og fjölskylda hafa glimt við kerfið alla hennar ævi. MYND/ADSENÐ



Það er eins og dagskipun nefndarinnar sé að segja nei.

Sigurður Hólmur Jóhannesson

henta Sunnu mjög vel og vísar til umsagnar sjúkrahjálfa sem vilja meina að það myndi hjálpa henni að takast á við umhverfi sitt.

Í úrskurði nefndarinnar er synjunin rökstudd á þann veg að ekki fái ráðist af gögnum málsins að hjólið myndi auka sjálfstæði hennar, hjálpa henni við daglegar athafnir, eða að takast á við fötlun sína.

„Neitunin er bara af því bara,“ segir Sigurður sem gagnrýnir nefndina harðlega. „Nefndin segir að Sunna ætti að geta fundið aðra leið,

en útskýrir ekkert hvaða leið það er. Við erum búin að reyna ýmislegt á hennar sautján árum og það er ekkert annað hjálpartæki sem hentar henni eins vel og þetta hjól.“

Í úrskurðarnefnd velferðarmála sitja tíu lögfræðingar, einn sálfræðingur og einn geðlæknir. Sigurði finnst það til marks um áherslu nefndarinnar.

„Það er ekki verið að fara eftir velferð heldur er verið að finna ástæður til að segja nei. Það er óhuggulegt að hugsa til þess.“

Sigurður segist hafa vísað málinu til umboðsmanns Alþingis. Hann vonast til að umboðsmaður komi með leiðbeiningar til Sjúkratrygginga um hvernig skuli vinna að þessum málum, en ef hann hafnar þeim ætlar Sigurður til Mannréttindadómstóls Evrópu.

„Við erum að gera þetta fyrir þau börn sem við vitum að verið er að neita,“ segir Sigurður og bætir við: „Það er eins og að dagskipun nefndarinnar sé að segja nei.“ ■

Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Embla hrinborð 120 cm og 140 cm reykt eik og nature eik.

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Gledilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



MiG-29 í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Pólland gæti sent orrustuþotur til Úkraínu fljótlega

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Forsætisráðherra Póllands, Mateusz Morawiecki, sagði í gær að innan fjögurra til sex vikna gætu Pólverjar sent Úkraínumönnum orrustuþotur.

Að sögn sænska ríkissjónvarpsins sem vitnar til Reuters-fréttastofunnar yrði þar um að ræða gamlar sovéskar orrustuþotur af gerðinni MiG-29. Pólverjar eigi 23 slíkar vélar.

Fram til þessa hafa engar þjóðir viljað senda Úkraínumönnum herflugvélar eftir að innrás Rússa hófst og myndu Pólverjar þar með ríða á vaðið í þeim efnum. ■



Umferð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Umferðin slær met

ser@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Umferðin á höfuðborgarsvæðinu það sem af er ári hefur aukist um 12 prósent á milli ára. Umferðin í borginni í febrúar jókst um sama hlutfall, mest á Vesturlandsvegi ofan Ártúnsbrekku.

Þessi aukning varð til þess að gamla umferðarmetið frá árinu 2019 var slegið um 0,1 prósent. Mest jókst umferð um Vesturlandsveg ofan Ártúnsbrekku eða um rúmlega 13 af hundraði.

Að því er fram kemur á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda hefur aldrei mælst meiri aukning í umferð fyrir fyrstu tvo mánuði ársins á höfuðborgarsvæðinu, á milli ára. ■

Íslendingar loki síður á fólk en erlendir auðmenn

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Sveinbjörn Halldórsson, formaður Samtaka útivistarféлага (SAMÚT), segist óttast um almannaréttinn eftir því sem erlendir auðmenn kaupi upp fjöll og önnur vinsæl útivistarsvæði. Hætt sé við að þeim sé lokað fyrir almenningi.

„Almannarétturinn á að standa gagnvart öðrum en þriðju aðilum,“ segir Sveinbjörn. Með þriðju aðilum á hann einkum við erlenda ferðamenn. Því ekki gangi að selja í ferðir inn á jarðir annarra án leyfis.

Bendir hann á að eignarrétturinn sé bundinn í stjórnarskrá en almannarétturinn í náttúruverndarlög og því sé eignarrétturinn rétt-hærri. Um tíma hafi stjórnvöld haft áætlanir um að styrkja regluverk almannaréttar en sú vinna hafi dáðið í skúffu ráðuneytis.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur jörðin Horn í Skorradal, þar sem hið fræga Skessuhorn



Almannarétturinn á að standa gagnvart öðrum en þriðju aðilum.

Sveinbjörn Halldórsson, formaður SAMÚT

stendur, verið seld til kanadísks auðjofurs sem hyggst reisa þar stóra villu. Sveinbjörn óttast að aðgengi að Skessuhorninu verði skert.

„Það er líklegra að svæðum í eigu útlendinga sé lokað,“ segir Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra. „Íslendingar eru heldur feimnari við að loka á fólk því þeir eru vanir því að landið sé opið öllum.“ Dæmin sýni að sú hefð sé frekar virt af Íslendingum en erlendum auðmönnum. ■

Ólína sakar MS um pólitískt inngríp

Deilarstjóri á Bifröst skamm- ar MS og segir að þótt inn- gilding sé góðra gjalda verð dugi ekki að úthýsa orðinu maður. Stefna skólans sæmi ekki menntastofnun.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í gærmorgun höfðu hátt í 300 manns tjáð sig á Facebook-síðu Fréttablaðsins eftir að blaðið birti frétt um að Menntaskólinn við Sund, MS, hefði ákveðið að skipta út orðinu starfsmannafundur sem eftirleiðis kallast starfsfólksfundur í skólanum. Stór orð falla um hneyksli og jafnvel sturlun.

Ólína Þorvarðardóttir, deildar- stjóri við Háskólann á Bifröst, segir að ef látið verði undan kröfu um kynhlutleysi allra orða hafi það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir málkerfi og merkingarheim íslenskunnar.

„Hér er augljóslega verið að forð- ast orðið maður í viðleitni til þess að kynhlutleysa tungumálið okkar.“

Ólína segist hafa miklar áhyggjur þegar rokið er til með „vanhugsaðar breytingar“ á orðanotkun og mál- fari líkt og hún kallar það.

„Ef við útrýmum orðinu maður er hætt við því að margt tapist í tungu- málinu, til dæmis ótal starfsheiti og samsett orð, að ég tali nú ekki um hugtök sem dregin eru af þessu orði og eru okkur nær, eins og menning, mennska og manngildi,“ segir Ólína.

Orðið starfsfólksfundur er dæmi um viðleitni í átt að inngildingu. Markmiðið á fullan rétt á sér að sögn Ólínu en henni finnst útkoman klaufaleg. „Svipað og að nota orðið fiskari í stað orðanna fiskimaður eða sjómaður, eða að þröngva orðinu leghafi upp á hóp fólks sem vill ekkert með það hafa.“

Hún segir MS hafa gengið of langt. „Stjórnvöld, en þó ekki síst



Ólína Þorvarðar- dóttir þjóð- fræðingur segist hafa áhyggjur af vanhugsuðum breytingum á mál- fari.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN



Mikið vatn hefur til sjávar runnið frá árdögum íslenskra fræða. Sitt sýnist hverjum.



Handstýrð inngríp í pólitískum tilgangi eiga ekkert skylt við eðlilega málþróun.

Ólína Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur

menntastofnanir landsins, eiga að standa vörð um menningu og rætur tungumálsins okkar og standa í vegi fyrir skaðlegum áhrifum á tungu- málið.“

Bendir Ólína, máli sínu til stuð- ings, á að í Laxdæla sögu segi frá því þegar Höskuldur Dalakollsson kom auga á tvo menn og þekkti þar Ólaf son sinn og móður hans.

„Svo má minna á það að þó að orðið sé í karlkyni þá eru ekki ótví- ræð tengsl milli málfræðilegs kyns og líffræðilegs í tungumáli okkar,“ segir Ólína.

„Sumir tala eins og þetta sem nú er að gerast sé eðlileg málþróun, en ég lít ekki svo á. Handstýrð inngríp í pólitískum tilgangi eiga ekkert skylt við eðlilega málþróun og íslensk

tunga þarf frekar á varðstöðu okkar og aðgæslu að halda núna en nokkru sinni fyrr.“

Sóley Tómasdóttir, landskunn baráttukona fyrir jafnrétti sem talað hefur fyrir inngildingu í umbóta- skyni, gat ekki tjáð sig um málfars- breytinguna þegar Fréttablaðið leitaði skoðunar hennar. „Ég hef því miður ekki tíma í það.“ ■

Efnahagsástand og asi auki á offitu

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Olga Björk Guðmundsdóttir, formaður efnaskipta- og offituteymis Reykjalundar, segir mikið tabú og fordóma hafa verið í kringum offitu karlmanna. Þeim sé þó að fjölga sem leita sér aðstoðar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er offita meira vandamál hjá körlum en konum og spáð er að bilið muni breikka.

„Það virðist sem konur gefi sér meiri tíma til að vinna í sinni heilsu og leita til heilbrigðisþjónustunnar. Vitund meðal karla um offitu og heilsu hefur samt aukist,“ segir Olga. Miðlæga dreifing offitunnar sem er stundum meiri hjá körlum en konum getur leitt til sykursýki 2 og hjarta- og æðasjúkdóma.

Reykjalundur nær að sinna 170 til 180 manns á ári í meðferð með þeim fjárframlögum sem Sjúkra-



Lyfin þurfa að dansa í takti við aðrar lífsstíls- breytingar.



Olga Björk Guðmunds- dóttir, formaður efnaskipta- og offituteymis Reykjalundar

tryggingar veita. Olga segir að bið- listinn mætti vera styttri.

„Karlar hafa vaknað til aukinnar vitundar um að gefa sér tíma til að sinna heilsunni sinni og verið aukning milli ára hjá okkur af körlum sem leita til okkar í með- ferð,“ segir hún.

Spáð er 2,2 prósentu aukningu á offitu sem er Olgu mikið áhyggju- efni. Hættan við efnahagsástand eins og nú er sé að fólk þurfi að vinna meira til að hafa í sig og á. Þar af leiðandi sé minni tími til að huga að heilsunni. „Kröfurnar og streitan eru að aukast í samfélaginu. Fólk þarf að slaka á og gefa sér meiri tíma,“ segir hún.

Aðspurð um megrunarlyf segir Olga þau eins og hver önnur hjál- p-artæki sem þurfi að fara vel með. „Lyfin þurfa að dansa í takti við aðrar lífsstílsbreytingar. Þau eiga ekki að vera kvikk-fix,“ segir hún. ■

Vissir þú að
FRÉTTABLAÐIÐ
fæst á 204 stöðum á
höfuðborgarsvæðinu?

Kynntu þér dreifinguna á:
www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing

Frítt



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM




VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN
SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10–18. Laugardaga 11–16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

... UM LANDIÐ



1 Reykjavík
Náttúruverndarsamtökin Landvernd, Verndarsjóður villtra laxastofna, Laxinn lifir og Íslenski náttúruverndarsjóðurinn hvetja Alþingi til að tryggja að útgáfa nýrra leyfa fyrir sjókvíaldi verði stöðvuð því umgjörð eftirlits og náttúruvöktunar sé í molum, eins og Ríkisendurskoðun staðfesti. Segir í tilkynningu að skýrsla alþjóðlega ráðgjafarfyrtækisins Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi, sem gerð var fyrir matvæla-ráðuneytið sé gölluð og geti ekki verið grunnur að stefnumótun fiskeldis á Íslandi til framtíðar.

2 Reykjavík
Á Hrafnþingi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands í dag mun Snæbjörn Pálsson, prófessor í stofnlíffræði við líf- og umhverfis-vísindadeild HÍ, flytja erindið At-hugun á breytileika í erfðamengjum hafarna. Í því verður sagt frá niðurstöðum á greiningu á breytileika í erfðamengjum hafarna á Íslandi og frá Grænlandi og Norður-Evrópu, aðgreiningu milli landa og sögulegum sveiflum. Segir í tilkynningu að notað sé DNA úr gömlum sýnum frá um 1900 sem var undirbúið til raðgreiningar við Kaupmannahafnarháskóla.

3 Egilsstaðir
Hæstiréttur veitir Árnari Jóhannesi Guðmundssyni ekki leyfi til að áfrýja átta ára fangelsisdómi fyrir skotárás á Egilsstöðum árið 2021. Árnar neitaði tilraun til manndráps en játaði brot sitt að hluta fyrir héraði.

4 Ísafjörður
Bæjarráð Ísafjarðar óskaði eftir fundi með starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna verklags við númerslausa bíla. Í dag getur Ísafjarðarbær ekki útvegað vörslu á númerslausum bílum. Var bæjarstjóra falið að hefja undirbúning að því að setja upp geymslsvæði og eiga frekari samskipti við Heilbrigðiseftirlitið vegna málsins.

5 Garðabær
Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði bæjarráði Garðabæjar grein fyrir helstu niðurstöðum í minnisblaði um stöðu innritunar í leikskólum Garðabæjar. Í minnisblaðinu kemur fram að fyrsta úthlutun í leikskólum fór fram í febrúar. Þá fengu þau börn sem eftir voru af árgangi 2021 og eldri úthlutað leikskólaplássum. Önnur úthlutun stendur nú yfir og þar er verið að úthluta leikskólaplássum til barna sem fædd eru á fyrri helmingi ársins 2022. Þriðja úthlutun fer fram í ágúst og þá verður lausum plássum úthlutað til barna fæddra seinni hluta árs 2022.

6 Mosfellsbær
Starfsfólk Strætós bs. kom fyrir Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar til að kynna hugmyndir að nýju leiðaneti almenningssamgangna í Mosfellsbæ. Kynningin var hluti samráðs um bætt leiðanet fyrir Borgarlínu-, stofn- og almennar leiðir. Ragnheiður Einarsdóttir og Sólrún Svava Skúladóttir frá Strætó kynntu útfærslur að leiðakerfi.

Geðheilsa ungmenna lagast ekki þótt faraldur sé í rénun

Aukið þunglyndi og önnur andleg vanlíðan ungmenna á Íslandi frá því kórónaveirufaraldurinn var í hámarki hefur haldist óbreytt þrátt fyrir minni áhrif pestarinnar.

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Kórónaveirufaraldurinn hefur haft langvarandi áhrif á geðheilsu og vimefnotkun ungmenna.

Þetta er á meðal meginniðurstaðna í nýrri rannsókn sem byggir á svörum 64 þúsund ungmenna hér á landi á aldrinum þrettán til átján ára, en gagna var leitað á árunum 2018 til 2022. Niðurstaðan hefur fengist birt í læknatímaritinu Lancet.

„Þetta mikla umfang rannsóknarinnar – að hafa heilan aldursþóp einnar þjóðar undir – er ástæða þess að við getum birt hana hjá jafnvirtu tímariti og Lancet er. Það eitt og sér er mikil viðurkenning á okkar starfi,“ segir Þórhildur Halldórsdóttir, lektor við sálfræðideild HR og einn stjórnenda rannsóknarinnar, en hún var unnin af vísindafólki við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Rannsóknir og greiningu, Planet Youth og erlenda vísindamenn.

„Niðurstaðan kemur á óvart, en þó ekki,“ segir Þórhildur jafnframt. „Auðvitað vonuðumst við til þess að geðheilsa ungmennanna myndi lagast með rénun faraldursins, en við vitum líka að táníngstíminn er viðkvæmur aldur og öll óvissa á þeim árum hefur sín áhrif.“

Fljótlega eftir tilkomu kórónaveirufaraldursins árið 2020 birti vísindahópurinn, undir stjórn Þórhildar, grein í Lancet Psychiatry, sem sýndi að faraldurinn hafði þá þegar talsverð áhrif á geðheilsu ungmenna. Í þeirri rannsókn kom fram að þunglyndiseinkenningi jókst og almenn andleg líðan mældist verri en áður, sérstaklega meðal unglingsstúlkna og sextán til átján ára ungmenna.

Aftur á móti kom í ljós að reykingar og ölvun hjá sama hópi hafði minnkað allverulega á sama tíma samkomutakmarkana, fjarvinnu og fjarnáms.



Tveimur árum eftir upphaf faraldursins hefur þunglyndi og önnur andleg vanlíðan haldist óbreytt hjá ungmennunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”

Rannsóknin sýnir hversu mikilvægt það er að halda áfram að vakta líðan ungmenna.



Ingibjörg Eva Þórisdóttir, sérfræðingur hjá Planet Youth



Þórhildur Halldórsdóttir, lektor í sálfræði við HR

Rannsóknin sýnir að tveimur árum seinna hefur þunglyndi og önnur andleg vanlíðan haldist óbreytt hjá ungmennunum þrátt fyrir minni áhrif faraldursins og takmarkana sem fylgdu. Það sama á við um reykingarnar, en aftur á móti virðist tíðni ölvunar vera að aukast að nýju eftir að samkomutakmörkunum var aflétt.

„Þessi viðvarandi aukning í vanlíðan hjá ungmennum er að sjálf-sögðu áhyggjuefni,“ segir Þórhildur og undir það tekur Ingibjörg Eva Þórisdóttir, sérfræðingur hjá Planet

Youth og annar stjórnandi rannsóknarinnar.

„Rannsóknin sýnir hversu mikilvægt það er að halda áfram að vakta líðan ungmenna um komandi tíð og bregðast við með viðeigandi úrræðum og inngripum,“ segir Ingibjörg Eva, en auk hennar og Þórhildar Halldórsdóttur koma að rannsókninni Heiðís Valdimarsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessorar við sálfræðideild HR, og Guðjón Ágústsson og Sæunn Óskarsdóttir, nemendur við HR. ■

Útfellingarnar upp í tíu sentimetrar

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Í eftirlitsskýrslu sérfræðings Umhverfisstofnunar að lokinni forskoðun á hellinum nýfundna við Jarðböðin í Mývatnssveit kemur fram að lofthæð sé samkvæmt athugun EFLU verkfræðistofu allt að 15 metrar.

Fram kemur að hellirinn hafi í árþúsund verið lokaður frá yfirborði jarðar uns verktaki rauf gat á þak hans við framkvæmdir. Um hellinn hefur leikið jarðhiti. Þegar gatið opnaðist hafa umhverfis-aðstæður í hellinum skyndilega gjörbreyst og hann kólnað.

Í hellinum eru afar sérstakar útfellingar sem tengjast jarðhitanum. Þær þykja um margt einstæðar og njóta verndunar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga líkt og hellirinn allur.

„Stærstu stöku útfellingarnar mynda kræklótta dröngla eða nálar sem ná 5–10 cm hæð og eru ljósleitar,“ segir í skýrslu Umhverfisstofnunar.

Þar sem útfellingarnar eru mestar og þéttastar hafa drönglarnir vaxið



Lofthæð hellisins er allt að fimmtán metrar. Breiður af útfellingum minna á kóralla. MYND/ÆSEND

”

Ljóst er að um einstakar jarðmyndanir er að ræða sem ekki hafa fundist í helli hér á landi í þessu magni og stærð.

Úr skýrslu UST

upp í nær samfelldar breiður sem ná órofið yfir nokkra fermetra.

„Ljóst er að um einstakar jarðmyndanir er að ræða sem ekki hafa fundist í helli hér á landi í þessu magni og stærð,“ segir í skýrslunni. Útlit útfellinganna er sagt ekki ósvipað kóröllum.

Umhverfisstofnun lokaði í gær hellinum með lögum sem vísa til skyndifriðunar. Lokunin gildir í tvær vikur. ■



Nýfundnum helli í Mývatnssveit lokað

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að loka nýfundnum helli við Jarðböðin í Mývatnssveit í ljósi fágætra og viðkvæmra jarðhitaútfellinga sem þar hafa fundist.

Lokunin tók gildi kl. 12:00 þriðjudaginn 14. mars og gildir í tvær vikur.

Á meðan lokunin er í gildi er öll umferð um hellinn óheimil.

Umhverfisstofnun getur veitt leyfi fyrir ferðum sem tengjast rannsóknum á hellinum.

Nánar á www.ust.is

POP UP LAGERSALA NTC



Í HOLTAGÖRÐUM

OPNAR Í DAG KL 11:00

AÐEINS Í
5 DAGA
15. – 19. MARS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

NÝJAR VINSÆLAR VÖRUR FRÁ EFTIRTÖLDUM MERKJUM

MOSS
REYKJAVÍK

MARC JACOBS

InWear

billi bi
COPENHAGEN

SOAKED
IN LUXURY

ROTATE
BIRGERCHRISTENSEN

NA-KD

envii

2NDDAY

PART TWO

THE FINEST QUALITY
Herschel
SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK

Matinique

SAMSØE

SAMSØE

Acne Studios

J. LINDBERG



TIGER
OF SWEDEN

carhartt

EINFALT OG ÞÆGILEGT

1.000.- KR • 2.000.- KR • 3.000.- KR • 4.000.- KR • 5.000.- KR • 7.000.- KR • 9.000.- KR • 12.000.- KR • 15.000.- KR..

VÖRUR FRÁ VERSLUNUM NTC

Kultur
menn

gs skór

GK
REYKJAVÍK

KARAKTER
KONUR

SMASH
URBAN

galleri sautján

eva

COMPANYS

Kultur



lagersalantc

Lagersala NTC



Holtagarðar



Ólafur
Arnarson
olafur
@frettabladid.is

Engar líkur á að 2008 endurtaki sig

Ólíklegt er að fall Silicon Valley Bank og Signature um helgina hafi mikil áhrif á íslenska banka og ekkert í líkingu við ósköpin 2008 er fyrirsjáanlegt. Sprotafyrirtæki munu finna vel fyrir breyttum aðstæðum, auk þess sem illa reknir bankar eru viðkvæmir þegar truflun af þessu tagi verður á mörkuðum.

olafur@frettabladid.is

Eins og fram hefur komið eru gjaldþrot Silicon Valley Bank og Signature hið annað og þriðja stærsta í sögu Bandaríkjanna. Einungis lítill hluti innistæðna var tryggður en um helgina var tilkynnt að bandaríski innistæðutryggingasjóðurinn myndi tryggja allar innistæður og þar með var hrinu gjaldþrota sprotafyrirtækja afstýrt.

Þá keypti HSBC-bankinn útibú SVB í Bretlandi um helgina og þar með var tryggt að viðskiptavinir þar í landi yrðu ekki fyrir tjóni vegna gjaldþrotsins. Engu að síður hafa fjárfestar áhyggjur af því að fjármögnunarumhverfi verði mun þyngra en áður.

Fjármögnunarumhverfið var þó þegar orðið þyngra, eins og kom fram hjá Þórði Magnússyni, stjórnarformanni Eyrir Invest, í Fréttablaðinu í gær. Háir vextir voru þegar farnir að hamla fjármögnun sprotaverkefna sem og annarra verkefna.

Doktor Jón Dánielsson, hagfræðiprófessor og stjórnandi miðstöðvar um kerfisáhættu við London School of Economics, segir engar líkur nú vera á því að fall SVB leiði til atburða neitt í líkingu við það sem gerðist árið 2008 þegar fjölmargir bankar um víða veröld féllu eins og dómínókubbar og íslenska bankakerfið hrundi til grunna.

Jón segir SVB hafa verið óvenjulegan banka að því leyti til að hann lánaði lítið út innistæður heldur fjárfesti fyrst og fremst í skuldabréfum. Á einu ári hafi eignir og efnahagsreikningur bankans tvöfaldast, úr 100 milljörðum Bandaríkjadala í 200 milljarða, og bankinn keypt skuldabréf á mjög lágum vöxtum.



Tel ólíklegt að Credit Suisse falli að óbreyttu.



Jón Dánielsson,
prófessor

Bankinn hafi haft áform um að eiga þessi bréf til langframa og því hafi honum ekki borið að skrá markaðsverðmæti þeirra í bækur sínar frá degi til dags.

Þegar vextir tóku að hækka lákk-uðu skuldabréfin í verði. Einhverjir hafi áttað sig á því að skuldabréfaeign bankans væri ofmetin í bókum hans af þessum völdum og það leitt til þess að innlán tóku að skreppa saman. Bankinn neyddist að lokum til að selja hluta skuldabréfasafns síns til að standa undir úttektum fjár og þá hafi tapið opinberast. Viðskiptavinir gerðu áhlaup á bankann og hann féll í fang innistæðutryggingasjóðs bandaríska bankakerfisins, FDIC, fyrir helgi.

Robert Kiyosaki, þekktur fjárfestir, sem sagði fyrir um fall Lehman Brothers 2008, segir að stórbankinn Credit Suisse muni lenda í miklum hremmingum vegna eftirkasta falls SVB. Jón Dánielsson er ekki á sama

máli. Hann segir Credit Suisse hafa lent í mörgum áföllum á undanförunum árum vegna þess að bankanum hafi verið illa stjórnað. Hann standi ekki vel og þegar truflun verði á mörkuðum sé bankinn viðkvæmur. Hann telur þó ólíklegt að Credit Suisse muni riða til falls að óbreyttu.

Seðlabankinn vildi í gær ekki tjá sig um áhrif falls SVB á íslenska bankakerfið en vísaði til þess að ritið Fjármálastöðugleiki kemur út í dag og þar sé vikið að þessum atburðum og áhrifum þeirra á Ísland.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nánast öll skuldabréfaeign íslenskra banka sé skráð á markaðsvirði og því standi þeir ekki frammi fyrir sambærilegum vanda og varð SVB að falli. Þá er fjármögnun íslensku bankanna traust og lögbundið eiginfjárhlutfall herra en víða annars staðar. ■

Ýmsir óttast að Credit Suisse geti riðað til falls en Jón Dánielsson telur litlar líkur á því.


FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Talsvert rýmra er í nýja húsnæðinu en því gamla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tvö hundruð tonn af notaðri vöru

lovisa@frettabladid.is

Unnið er nú að því að koma um 200 tonnum af notuðum vörum inn í nýja verslun Góða hirðisins við Köllunarklettsveg.

Framkvæmdastjórinn, Ruth Einarsdóttir, vonast til þess að geta opnað dyr verslunarinnar aftur í byrjun næsta mánaðar.

„Þetta er svo mikið magn sem fer í gegn daglega og um leið og það kemur stopp þá safnast það saman. Það koma sjö til tíu tonn til okkar á dag. Í byrjun mars voru kominn um 90 tonn inn í húsið og ég á eftir að



Ruth Einars-
dóttir, fram-
kvæmdastjóri
Góða hirðisins

taka við um 110 tonnum. Þetta er rosalegt magn og svo mikil aukning frá því í fyrra,“ segir Ruth en dótið sem um ræðir kemur frá söfnunargámum á höfuðborgarsvæðinu.

Hún segir mikla vitundarvakn-

ingu í gangi og að fólk almennt sé minna að henda og vilji frekar koma dótinu sínu inn í hringrásarhagkerfið. Þess vegna sé mikil aukning hjá þeim. Hún segir að þrátt fyrir stækkun sé ekki verið að fjölga starfsfólki heldur hafi hlutverk þess verið skilgreind betur.

„Það er einhver í gámum, einhver á lager og annar í verslun. Þannig nýtum við starfsfólkið betur.“

Ruth á von á að verslunin verði opnuð síðar í mánuðinum og biðlar til fólks að biða með vorhreingerninguna þar til það gerist, eða koma dótinu á aðra nýtjamarkaði. ■

Ferðamenn vilja helst ekki keyra rafmagnsbíla

Forstjóri BL segir Íslendinga skynsamari í bílakaupum en áður og að eftirspurnin eftir rafmagnsbílum hafi aukist. Bílaleigubílar eru flestallir keyrðir á bensíni og dísilolíu þar sem ferðamenn kjósa þá fram yfir rafmagnsbíla.

helgisteinar@frettabladid.is

Erna Gísladóttir, forstjóri BL, segir að Íslendingar ættu ekki að tala sig niður hvað varðar orkuskipti í bílum, enda eru Íslendingar í öðru sæti á heimsvísu þegar kemur að hlutfalli nýseldra rafmagnsbíla. . Norðmenn eru í fyrsta sæti en Erna minnir á að Norðmenn hafa niðurgreitt rafbíla í 22 ár. Hún segir hins vegar að innviðir fyrir rafmagnsbíla eigi enn langt í land og að ferðamenn kjósi frekar bensín- og dísilbíla fram yfir rafmagnsbíla.

Töluverðar sveiflur hafa verið á bílamerkaðnum undanfarin ár eftir heimsfaraldur. Erna segir að BL hafi búið við því fyrir rúmu ári að bíla-sala myndi fara aftur í eðlilegt horf en stríðið í Úkraínu hafi skyndilega sett strik í reikninginn.

Mikið af þeim íhlutum sem fara í bíla kom frá Úkraínu og þá sérstaklega rafmagnsihlutir eins og rafkerfi. Þar að auki hafi úkraínsk framleiðsla séð fyrir miklu af plastíhlutum, útvarpstækjum og stýris-hiturum og þegar stríðið hófst hafði það keðjuverkandi áhrif á heildarframleiðslu.



Erna Gísladóttir, forstjóri BL, vill ekki að Íslendingar tali sig niður þegar kemur að orkuskiptum í bílum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

”
Stór hluti ferðamanna kemur frá löndum sem notast ekki mikið við rafmagnsbíla.

Erna Gísladóttir

„Það sem hafði mest áhrif þarna í byrjun var aðallega það að stríðið tafði bílaframleiðsluna, en það er búið að lagast mjög mikið síðan þá. Kína er til dæmis mjög stór markaður þegar kemur að framleiðslu á íhlutum í bíla og þeir eru náttúrulega búnir að opna allt hjá sér. Svo tekur bara alltaf smá tíma að breyta til að taka upp framleiðsluna í öðrum löndum,“ segir Erna.

Hún segir bílasölur vera ákveðinn leiðarvísí í íslensku efnahagslífi þar sem bílakaup eru yfirleitt það sem fólk frestar fyrst. „Þú ákveður kannski að fara í sumarfrí, en kaupir þá frekar bílinn á næsta ári.“

Verðbólga og breytingar á lán-töku hafi einnig haft áhrif á sölu en Erna bendir á að margar breytingar hafi orðið á kaupvenjum Íslendinga á undanförunum árum. Hún segir

fleiri nú til dags eiga mun meira í sínum gamla bíl sem auðveldar þá útborgun á þeim næsta. Þar að auki er fólk mun duglegra að reikna út rekstrarkostnaðinn á mismunandi bílum og tekur það inn í myndina þegar það tekur svo bílalan.

Erna segir að framboð á rafmagnsbílum hafi einnig aukist til muna og hefur BL til að mynda fengið inn mikið af bílum sem framleiddir eru í Kína. Hún segir sölu á rafbílum eins og Hongqi E-HS9 hafa gengið vel og þrátt fyrir hátt verð sé sá bíll allt að helmingi ódýrari en aðrir bílar í svipuðum gæðaflokki.

„Framleiðslan í Kína á rafmagnsbílum er mjög mikil. Markaðurinn þar er svo stór og eftirspurnin er svo mikil út af mengun og öllu öðru. Þróunin á öllum BMW-rafmagnsbílum fer meðal annars öll fram í Kína. Allt þetta hefur orðið til þess að þeir eru mjög framarlega í framleiðslu á rafmagnsbílum.“

Erna segir 40 til 50 prósent af öllum nýskráðum bílum vera bílaleigubíla og hafa þeir mikið að segja um framboð á íslenskum bílamerkaði.

„Það má ekki gleyma því að bílaleigubílar eru enn flestallir keyrðir á bensíni og dísil vegna þess að innviðirnir eru ekki komnir á þann stað sem við viljum og margir ferðamenn kunna heldur ekki enn á rafmagnsbíla. Fyrir utan þá Bandaríkjamenn sem keyra Teslur, þá kemur stór hluti þeirra ferðamanna frá löndum sem notast ekki mikið við rafmagnsbíla.“ ■

Vínýlplötur aftur komnar á toppinn

helgisteinar@frettabladid.is

Samkvæmt nýrri skýrslu var sala á vínýlplötum á síðasta ári meiri en sala á geisladiskum í fyrsta skipti síðan 1987.

Rúmlega 41 milljón vínýlplatna seldist árið 2022 á móti 33 milljónum geisladiska.

Er þetta sextánda árið í röð sem sala á vínýlplötum eykst en heildarsalan mældist í kringum 1,2 milljarða Bandaríkjadala.

Sama ár og sala vínýlplatna jókst um 17 prósent minnkaði sala á



Sala á vínýlplötum jókst um 17 prósent á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

tónlist í stafrænu formi um 20 prósent. Er þetta töluverð breyting frá árinu 2012 þegar stafrænt niðurhal drottnaði yfir merkaðnum og var 43 prósent af heildarsölu á allri tónlist í heiminum.

„Tónlistarunnendur fá greinilega ekki nóg af hágæða hljóði og þeirri snertingu við listamennina sem vínýll býður upp á,“ segir Mitch Glazier, forstjóri Samtaka bandaríska tónlistariðnaðarins. ■

Íslendingar orðnir duglegri að skila

helgisteinar@frettabladid.is

Klukkan hálf fjögur í gær, á loka-degi almennra framtalsskila, höfðu 216.700 einstaklingar skilað framtali. Er þetta fjölgun um 23.700 framtöl á milli ára en á sama tíma í fyrra höfðu um 193.000 einstaklingar skilað framtali.

Sveinn Arnarsson, sérfræðingur hjá Skattinum, segir það ánægjuefni hversu duglegir framteljendur hafa verið á þessum framtalsfresti. Hann segir starfsmenn Skattsins kappkosta að gera framtalsskilin eins auðveld og hægt er fyrir framteljendur hverju sinni með því að reyna að hafa sem flestar upplýsingar forskráðar.

Skatturinn greindi einnig frá því á Twitter-síðu sinni að erlendir ríkisborgarar væru mun duglegri



Framtöl skila sér tímanlega til skattsins sem aldrei fyrr.

»
Af öllum þjóðernum sem búa á Íslandi eru Íslendingar í 31. sæti af þeim sem skila á réttum tíma.

að skila inn framtali á réttum tíma en Íslendingar. Af þeim þjóðernum sem búa á Íslandi tróna bosnískir framteljendur á toppnum en Íslendingar eru í 31. sæti.

„Markmiðið er svo áfram að stuðla að enn betri framtalsskilum og þannig réttari álagningu og tekjum í ríkissjóð,“ segir Sveinn. ■



Höfum til sölu sérsverslun með eigin innflutning á útivistarvörum, 2 sölustaðir í Reykjavík ásamt heildsölu til annarra verslana.

Velta um 200 m.kr. á ári

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Sigursveinsson sverrir@kontakt.is

Kontakt

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | Ránargata 18, 101 Reykjavík

www.kontakt.is

Okkar íslenska



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Viðhorf íslensku mannskepnunnar breytast oft hægar en veruleikinn í kringum skoðanir okkar.

Einsleitni Íslendinga skóp fyrr á tímum samfélagssáttmála þar sem þarfir, uppruni og skoðanir voru meira og minna sami grautur í sömu skál.

Þetta voru „íslenskar“ áherslur, trúarlegar og menningarlegar. Við tókum vitaskuld upp ýmis gildi frá Skandinavíu og Evrópu og urðum amerískari en þjóðir í kring. En sem einangruð eybjóð töldum við lengi vel að hið séríslenska væri best. Um langt skeið var jafnvel hlandblaut vösbúð upphafin í sögubókum.

Móðurmálskennsla tók mark af þessari einsleitni. Hún miðaðist við að nánast öll börn í skólakerfinu fæddust á Íslandi og þau kynnu íslensku.

En nú eru breyttir tímar.

Í Stóru upplestrarkeppninni fyrir skömmu fengu nemendur að spreyta sig á ljóðum eftir íslenska höfunda. Þrjú börn af erlendum uppruna lásu upphátt sama daginn í sama skólanum eftir Jónas Hallgrímsson: Kveður í runni, kvakar í mó/kvikur þrastasöngur/eins mig fýsir alltaf þó/aftur að fara í göngur.

Fallegt.

Glímu barna við framburð orðanna verður best lýst með orðinu hetjudáð.

En hvað með inntak þessa texta? Að fýsa alltaf aftur í göngur?

Textarnir vekja spurningar um hvort viðhorf hafi setið eftir á sama tíma og nýtt fjölmenningsarlegt landslag er löngu orðið að veruleika.

Aðeins örfá prósent þjóðarinnar búa nú orðið í dreifbýli. Jafnvel innfædd börn eiga erfitt með að tengja við þá þjóðernisrómantik að smala íslenskum sauðkindum á fjöllum að hausti. Hvað má þá um hin börnin segja?

Ein spurning er hvort svona keppni hverfist ekki að nokkru um hvort börnin tengi við texta sem þau lesa upp.

Önnur spurning er hvort námsefni grunnskólanna og áherslur í skólastarfi hafi tekið mið af þeim samfélagsbreytingum sem orðið hafa.

Markast viðhorf okkar af einsleitni liðins tíma? Þeirri einsleitni sem við, ráðandi kynslóðir, ólumst upp við? Er íslenskan bara „okkar“?

Í þessu samhengi má geta þess að dæmi eru um reykviska grunnskóla þar sem riflega helmingur nemenda er með annað móðurmál en íslensku. Utan höfuðborgarsvæðisins er hlutfallið sums staðar enn hærri.

Allt vekur þetta spurningar um hvort okkur hefur tekist að umfaðma fjölbreytileikann sem skyldi. Fjölbreytileikann sem er gjöf fyrir áður einsleita þjóð.

Er kannski komið gott af rómantískum viðhorfum til íslensku sauðkindarinnar? ■

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

ser@frettabladid.is

Kuldakvölin

Svo rammt kveður að kulda-kvölinni, sem leikur landsmenn harla blátt þessa dagana, er að þeir koma grátandi til vinnu á morgnana. Norðanbálið sviður svo í augum að kirtlarnir láta undan og landinn mætir társtokkinn inn á kontór, með frosið bros og kalið hjarta. Svona hefur þetta verið upp á hvern einasta dag frá sjötta mars – og þó að ef til vill sjái fyrir þessa bráðum tveggja vikna lotu af lífsins ómögulega veðri, þá rofar auðvitað til að lokum, en þá aðeins bara í nokkra daga. Svo heillist kuldapollurinn á nýjaleik yfir landsmenn í næstu viku.

Metin falla

Vorjafndægur eru vissulega í næstu viku, en þá skipta birta og myrkur sólarhringnum bróðurlega á milli sín. Ætla mætti samt, svona miðað við reynsluna af þessum vetri, að hann sé ekkert að fara að gefa nokkurn skapaðan hlut eftir, enda fer hann alveg örugglega í sögu-bækur fyrir stæla og stertibrag. Það féll hitamet í nóvember, kuldamet í desember og frá áramótum hafa bæði Íslandsmetin í fjölda gulra og appelsínugulra veðurviðvarana, og fjölda daga yfir mengunarmörkum, fallið með látnum. Það er svo auðvitað eftir öðru að litla hagkerfið við ysta haf er á sama tíma við það að setja nýtt Íslandsmet í olíu-notkun. ■

Auðlindin okkar



Guðbrandur
Einarsson
þingmaður
Viðreisnar

Af þeim 60 bráðabirgðatillögum sem starfshópur „Auðlindarinnar okkar“ hafa lagt fram er að finna 3 tillögur sem fjalla um auðlindagjöld. Tillaga 45 fjallar um hækkun veiðigjalda og einföldun útreikninga þeirra, tillaga 46 fjallar um fyrningarleið og tillaga 47 um auðlindasjóð og lögbundna dreifingu til sveitarfélaga. Starfshópurinn nefnir m.a. að útreikningar veiðigjalda séu ógagnsæir og flóknir og að þeir byggja á upplýsingum úr rekstri fortíðar. Þá segir að erfitt sé að ákvarða rétt verð í útreikningum og að heimildir um meðferð séu ógagnsæjar. Óvissa sé einnig hjá fyrirtækjum um upphæð auðlindagjalds á hverjum tíma og að ólíkar virðisbætur flæki útreikninga.

Ekki er hægt að álykta öðruvísi en svo að þessi starfshópur tali mjög varlega hvað varðar aukna samfélagslega hlutdeild í þeim arði sem íslenskur sjávarútvegur skilar af sér. Þar er m.a. nefnt að skoða þurfi upptöku fyrningarleiðar vandlega.

Þær upplýsingar sem ég hef um stöðu sjávarútvegsins á árinu 2021 sýna að 65 milljarða hagnaður hafi verið á greininni það árið. Þetta sama ár voru greiddir út 18,5 milljarðar í arð, 7,7 milljarðar í auðlindagjöld og þjónusta við sjávarútveginn kostaði tæpa 6 milljarða.

Þetta sýnir svo ekki er um villst að auðlindagjald, sem ætti að teljast arður þjóðarinnar af eign sinni, er ekki í neinu samræmi þann arð sem réttihafar að nýtingu auðlindarinnar greiða sjálfum sér. Almenn-ingur á erfitt með að skilja svona tölur en sé þetta sett í eitthvað samhengi þá er hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja á svipuðu róli og allar launagreiðslur Landspítala.

Spurningin hlýtur alltaf að vera sú hvort þjóðin eigi að fá notið arðs af auðlindum sínum. Er eðlilegt að aðgangur fátta að sameiginlegum auðlindum skapi þeim ofsagróða sem geri þeim m.a. kleift að kaupa upp fjölda fyrirtækja í verslun og ferðapjónustu? Er eðlilegt að auðlindagjald dugi nánast bara fyrir þjónustu við útgerðina og þjóðin haldi litlu eftir?

Viðreisn leggur til að farin verði fyrningarleið sem opnar aðgengi fleiri að sjávarútvegsauðlindinni og auka tekjur þjóðarinnar af sinni eigin auðlind.

Vonandi mun þessi starfshópur koma með viðunandi lausnir. Á meðan staðan er óbreytt er ekki hægt að kalla þetta Auðlindina okkar. ■



Þær komu með nýja rödd í umhverfismálin



Unnur Birna Karlsdóttir
sagnfræðingur og
forstöðumaður
Rannsóknaseturs
Háskóla Íslands á
Austurlandi

Þann 13. mars 2023 voru liðin 40 ár frá stofnun þeirrar stjórnmalá-hreyfingar kvenna sem fékk heitið: Samtök um kvennalista en kallað-ist jafnan Kvennalistinn í tali og skrifum. Stofnun Kvennalistans 13. mars 1983 var framhald afsögu sem hófst aðeins fyrr, þ.e. þegar stofnuð voru Kvennaframboð, í Reykjavík og á Akureyri og buðu fram í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum 1982. Þessi kraftmikla innkoma kvenna í landslag íslenskra stjórnmála ruddi ótal málum braut sem hefðbundin flokkapólitik fram að því hafði ekki sinnt. Áherslan á umhverfis- og náttúruvernd er einn þáttur í þeirri sögu, því að þó svo eitthvað hafi verið rétt um slíka málaflokka hér á landi þá hafði málflutningur Kvennalistans, og áður Kvennaframboðanna í Reykjavík og á Akureyri, þá sérstöðu að kvennabarátta og umhverfisvernd fléttuðust saman.

Vistfemínísk sýn á umhverfismálin

Þegar grafið er fyrir um rætur femínískrar umhverfisverndar-stefnu (vistfemínisma) hér á landi er þær að finna í kvennahreyfing- um á níunda áratug síðustu aldar. Kvennaframboðskonur og síðan Kvennalistakonur riðu á vaðið í þessu eins og svo mörgu öðru í femínískri orðræðu og aðgerðum. Í bók sinni um Kvennaframboðið í Reykjavík og Kvennalistann á árunum 1982–1987 segir Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur að þessi pólitísku samtök hafi sett umhverfismál á oddinn strax í upphafi, bæði í málum Reykjavíkurborgar og í landsmálunum á Alþingi. Þessa gætir víða í gögnum þessara kvennapólitísku hreyfinga.

Í „Laugardagskaffi“ Kvennalistans í Kvennahúsinu þann 27. apríl 1985 var yfirskrift umræðu dagsins „Umhverfismál“ og í dagskrárkynningu sagði: „Hvers vegna skipta umhverfismálin konur svo miklu? Hverju viljum við breyta?“ Stuttu svarið við þessu var að í öllum málum skyldi hafa að leiðarljósi að skoða hvort og hvernig ákvarðanir á sviði umhverfismála sneru að hagsmunum og lífi kvenna, ekki síður en karla, enda löng og sterk hefð fyrir að huga aðeins að hlíð karla þegar málum var ráðið. Þessu væri kominn tími til að breyta.

Í stuttu máli sagt ber umhverfismál og jafnréttismál oft á góma þegar saga þessara framboða er skoðuð, og sneri bæði að náttúru- og umhverfisvernd í nærsamfélagi, á landsvísi en einnig á alþjóðavísu. Áherslan lá á margt sem lætur kunnuglega í eyrun nú á dögum; meðal annars á aðgerðir til að sporna gegn mengun, stuðla að endurvinnslu og flokkun sorps, á náttúruvernd, stofnun þjóðgarða, friðlýstra svæða og fólkvanga og eflingu útivistarsvæða innan þéttbýlis og við þéttbýlismörk. Einnig bar hátt kall eftir aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem eins helsta umhverfisvanda sam- tímans. Kvennalistinn talaði fyrir mikilvægi þess að skipulagsmál og umhverfismál færu saman í þróun byggðar og samfélags. Umhverfismál undir merkjum sjálfbærrar þróunar settu mark á niunda áratuginn í kjölfar Brundtlandskýrslunnar frá árinu 1987 og Kvennalistinn tók sjálfbærnihugtakið í þeim anda inn í sína umhverfismálafestefnu.



Í stefnuskrá sem Kvennalistinn lagði fram í stjórnarmyndunar- viðræðum vorið 1987, og birt var í Veru, sagði um umhverfismál að áherslan væri lögð á að sett yrði heildarlöggjöf um umhverfismál, og stofnað yrði sérstakt ráðuneyti umhverfismála og undir það safnað tvístruðum málaflokkum umhverfismálanna sem hafði verið dreift á mörg ráðuneyti, til að tryggja skilvirkari vinnubrögð og heildstæðara samráð á öllum sviðum umhverfismála. Gera skyldi landnýtingará- ætlun sem tæki fyrst og fremst mið af varðveislu og endurheimt land- gæða, og taka skyldi upp markvissa umhverfisfræðslu.

Umhverfisvænir atvinnuvegir og stóriðjustefnu hafnað

Alls flutti Kvennalistinn 18 mál á Alþingi á árunum 1984 til 1994 í bar- áttu listans fyrir umhverfisvernd í lands- og hnatttrænu samhengi eftir málaflokkum. Kvennalistinn hafnaði þeirri stórvirkjana- og stóriðju- stefnu sem þá ræði ferðinni í afstöðu stjórnvalda til vatnsaflsnýtingar og atvinnuuppbyggingar á Íslandi. Stefna Kvennalistans í virkjunar- málum var sú að nýta ætti vatns- orkuna í þágu íslensks atvinnulífs með öðrum og umhverfisvænni hætti en til stóriðju. Byggja ætti upp smáíðnað, fullnýta íslenskar afurðir og efla atvinnugreinar sem gengju ekki í berhögg við náttúru og líf landsins. Taka bæri tillit til náttúru- og umhverfisverndar við ákvarðanir um atvinnusköpun og framleiðslu. Stóriðja kæmi því ekki til greina sem heppilegur kostur. Rök Kvennalistans gegn stóriðju voru þau að hún væri fjárfrekur, gamaldags og úreltur atvinnukostur sem mengaði og spillti náttúru og raskaði samfélagsgerð. Kvenna- listakonur gagnrýndu þáverandi stjórnvöld fyrir þá áherslu sem þau höfðu lagt á uppbyggingu

stóriðju í landinu. Álver leystu ekki atvinnuvanda þjóðarinnar, allra síst kvenna, sagði í stefnuskrá flokksins árið 1991, auk þess sem þau kæmu í veg fyrir að Ísland gæti skapað sér

ímynd sem land ómengaðrar náttúru, vandaðrar ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu. Stóriðja væri karllæg lausn í atvinnumálum þar sem sköpuð væru ófjölskylduvæn störf fyrir karla í mengandi iðnaði og náttúrugæðum förnað undir virkjanir fyrir orkufrekan ósjálfbæran iðnað í eigu erlendra aðila.

Fyrstar til að vilja friða jökulár frá upptökum til ósa

Kvennalistakonur voru einnig reiðubúnar í róttækar aðgerðir á sviði náttúruverndar. Árið 1991 lögðu allar sex þingkonur listans á Alþingi fram tillögu til þingsályktunar um friðun Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til ósa með rökum um mikið náttúruverndargildi ána og til að forða þeim undan þeirri virkjunargleði sem hefði ráðið ferðinni fram til þessa, þar sem hvorki væri tekið til- lit til þarfa kvenna í atvinnumálum



Í stað meginstraums- viðhorfa dæmigerðrar feðraveldisorðræðu komu kvenfrelsis- raddir inn í myndina með áherslu á betri heim fyrir konur og börn, jafnt og karla, en forsenda fyrir slíkum heimi væri meðal annars náttúru- og umhverfisvernd.

né náttúru- og umhverfisverndar. Þessi róttæka tillaga í anda heild- rænnar náttúruverndar naut ekki stuðnings á þessum tíma, enda ríkjandi áhersla á stóriðju og ýmis virkjunaráform á teikniborðinu. Ekki var meirihlutavilji á Alþingi fyrir friðun jökuláa vegna ríkjandi stuðnings við virkjunarhagsmuni.

Kvennalistinn hafði frá upphafi starfsemi sinnar í frammi mál- flutning á nótum vistfemínískrar hugmyndafræði, það er horft var á umhverfismál og málefni kvenna jöfnum höndum. Það sem ein- kenndi málflutninginn var að umhverfismálum var kippt upp úr þeim hefðbundnu hjólförum sem karlar við völd höfðu komið þeim í. Í stað meginstraumsviðhorfa dæmi- gerðrar feðraveldisorðræðu komu kvenfrelsisraddir inn í myndina með áherslu á betri heim fyrir konur og börn, jafnt og karla, en forsenda fyrir slíkum heimi væri meðal annars náttúru- og umhverfisvernd. Í allri stefnumótun í umhverfis- og skipulagsmálum, við mann- virkjað og náttúruvernd skyldi taka mið af viðhorfum og þörfum kvenna ekki síður en karla. ■



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur

Konurnar sem breyttu heiminum



Þórunn Sveinbjarnardóttir
Þingkona Samfylkingarinnar
– jafnaðarflokks Íslands

Á mánudaginn voru 40 ár liðin frá því að Samtök um kvennalista voru stofnuð. Þau buðu fyrst fram til Alþingis í kosningunum 1983. Þá leit Ísland öðruvísi út en það gerir í dag. Það var fábreytt og gamaldags. Samfélagið var gegnsýrt af helm-ingaskiptum, feðraveldi og körlum. Það var því byltingarkennt að gera kvenfrelsi að baráttumáli heillar stjórnmalahreyfingar. Kröfuna um að allar konur, alls staðar, ráði líkama sínum og lífi, því að það er forsenda þess að þær séu gerendur í lífi sínu og í lýðræðissamfélagi.

Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir voru kosnar á þing vorið 1983 af kvennalistum í Reykjavík- og Reykjaneskjör-dæmum. Samtök um kvenna-listann voru grasrótahreyfing án formanns þar sem dreifstýring og verkaskipting sem aldrei áður hafði sést í íslenskri pólitík var tíðkuð. Málefni sem Kvennalistinn setti á dagskrá íslenskra stjórn mála höfðu sum aldrei verið orðuð úr ræðustóli Alþingis. Í þingsal hafði til dæmis aldrei verið talað um ofbeldi gegn konum og börnum; kynferðis-ofbeldi, nauðganir, sífjaspell og heimilisofbeldi. Allt þetta setti Kvennalistinn á dagskrá.

Kvennalistinn var ekki eins máls flokkur eins og sumir héldu fram. Stefnan fjallaði um fjöl-breytta atvinnuuppbyggingu, um byggðakvóta í sjávarútvegi svo að dæmi sé nefnt, ekki síst nýsköpun kvenna í atvinnulífinu. Baráttan



fyrir friði og gegn hernaði var lykil-mál. Umhverfisvernd gekk eins og grænn þráður í gegnum stefnuna. Barist var gegn ósjálfbærri stóriðju og fyrir því að hér yrði komið á fót umhverfisráðuneyti.

Kvennalistakonur lögðu alla tíð ríka áherslu á að meta störf kvenna

til launa. Að hvort tveggja launuð og ólaunuð störf kvenna væru metin að verðleikum, að konur væru ekki til færri fiska metnar eins og stundum var sagt. Kristín Halldórsdóttir heitin lýsti því þannig að þegar þær settust á þing þá hefði það verið eins og ganga í

björg feðraveldisins. Kvennalistinn breytti ekki bara Íslandi heldur heiminum. Til hans er enn lítið sem fyrirmyndar um víða veröld. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum kvennalistakonum fyrir ómetan-legt framlag til íslenskra stjórn-mála og samfélags. ■

”
Ég vil
nota þetta
tækifæri
og þakka
öllum
kvenna-
listakonum
fyrir
ómetanlegt
framlag til
íslenskra
stjórn mála
og sam-
félags.

Ársfundur 2023 fimmtudaginn 30. mars

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, **fimmtudaginn 30. mars 2023 kl. 17:15.**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2022 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs sem lýkur kl. 16:00 þann 29. mars 2023.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Rafrænt stjórnarkjör

Rafrænt stjórnarkjör fer fram frá kl. 12:00 þann 22. mars til kl. 16.00 þann 29. mars 2023. Kosið verður um tvö laus sæti til aðalmanns sem skal að þessu sinni annars vegar skipað konu og hins vegar karli. Auk þess er laust sæti konu sem varamanns.

Upplýsingar um frambjóðendur og leiðbeiningar um fyrirkomulag kosninga er að finna á www.almenni.is.

Frambjóðendur eru: Aðalbjörn Þórólfsson, Albert Þór Jónsson, Guðmundur Fylkisson, Herdís Pála Pálsdóttir, Jóhann Sveinn Friðleifsson, Kristófer Már Maronsson, Lára Jónas-dóttir, Magnús Davíð Norðdal, Oddur Ólason, Sigríður Magnúsdóttir, Sólveig Stefáns-dóttir og Valpór Druzín.

Ársreikningur, tillögur um breytingar á samþykktum og nánari upplýsingar um ársfun-inn eru á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

Nánar á:
www.almenni.is



Alþjóðadagur neytenda



Brynhildur
Pétursdóttir
framkvæmda-
stjóri Neytenda-
samtakanna

”
Neytendur er sá hópur
sem hefur hvað við-
tækustu áhrif á nánast
allar efnahagsstærðir.

Þann 15. mars 1962 var John F. Kennedy Bandaríkjaforseti fyrstur þjóðarleiðtoga til að lýsa formlega yfir að neytendur hefðu grund-vallarréttindi. „Við erum öll neyt-endur,“ sagði Kennedy. „Neytendur er sá hópur sem hefur hvað viðtæk-ustu áhrif á nánast allar efnahags-stærðir. Flestallar ákvarðanir í opinbera- og einkageiranum hafa áhrif á neyt-endur. Samt sem áður eru þeir oft og tíðum sá hópur sem minnst er hlustað á.“

Þessi yfirlýsing Kennedys leiddi til þess að árið 1985 samþykkti alls-herjarþing Sameinuðu þjóðanna sérstakar leiðbeiningar um neyt-endavernd. Þar segir m.a. að allur almenningur, án tillits til tekna eða félagslegrar stöðu, hafi ákveðin lág-marksréttindi sem neytendur.

15. mars er alþjóðadagur neyt-enda og þá er við hæfi að vekja athygli á grunnkröfum neytenda. Þessar kröfur eru leiðarvísir og grunnur að öllu starfi Neytenda-samtakanna:

- Réttur til að fá grunnþörfum mætt
- Réttur til öryggis
- Réttur til upplýsinga
- Réttur til að velja
- Réttur til áheyrnar
- Réttur til úrlausnar
- Réttur til neytendafræðslu
- Réttur til heilbrigðs umhverfis

Bæta Neytendasamtökin við niundu grunnkröfunni líkt og nor-ræn systursamtök hafa gert:
■ Réttur til stafrænnar neytenda-verndar



VS

FRISCH AUF!
GÖPPINGEN®

16-LIÐA ÚRSLIT

ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS

**VIP
UPPSELT!**

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

MIÐASALA INN Á TIX.IS/VALUR



tix.is



Knattspyrnudeild Vals er vel stæð og þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu þrátt fyrir mikinn taprekstur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gríðarlegt tap á rekstri Vals á síðasta ári

Tæplega 70 milljóna króna tap var á rekstri knattspyrnudeildar Vals á síðustu leiktíð. Á sama tíma var rúmlega 157 milljóna króna hagnaður á rekstri Breiðabliks sem kemur til vegna gjafar, en Guðmundur Óskarsson arfleiddi deildina að stórum hluta eigna sinna sem námu um 200 milljónum króna.

hordur@frettabladid.is.

FÓTBOLTI Gríðarlegur taprekstur var á knattspyrnudeild Vals á síðasta ári en tapið var í heild rúmar 74 milljónir á síðasta ári. Er þetta ansi mikil breyting á milli ára en rúmlega 51 milljónar króna hagnaður varð á rekstri Vals árið 2021.

Í tekjum Vals munar mestu um mikið fall í liðnum aðrar rekstrar-tekjur. Árið 2021 var sá tekjuliður að gefa Val tæpar 200 milljónir króna í vasann en árið 2022 var sá tekjuliður aðeins rétt rúmar 70 milljónir króna. Ekki er útskýrt nánar hvað fellur undir aðrar rekstrar-tekjur en miðað við skoðun blaðamanns á ársreikningum Vals á milli ára er stór hluti af því tekjur af þátttöku í Evrópukeppnum, karlalið Vals í meistaraflokki var ekki í Evrópukeppni á síðasta ári.

Rekstrartekjur knattspyrnudeildar Vals voru 318 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 374 milljónir árið á undan.

77 prósent í launakostnað
Launakostnaður knattspyrnudeildar Vals hækkar gríðarlega mikið á milli ára ef lítið er til þess að tekjur deildarinnar drögust saman á milli ára. Rekstrargjöld deildarinnar á síðasta ári voru 394 milljónir, launakostnaður var 306 milljónir eða 77 prósent af öllum útgjöldum deildarinnar. Ef launakostnaður er borinn saman við tekjur deildarinnar var kostnaður 96 prósent af tekjum deildarinnar. Launakostnaður knattspyrnudeildar Vals hækkar um rúmar 50 milljónir króna á milli ára.

Valur hagnaðist af sölu leikmanna um 8 milljónir króna á síðasta ári en árið á undan var hagnaður af sölu



Breiðablik	Valur
Rekstrartekjur: 902 milljónir	Rekstrartekjur: 318 milljónir
Rekstrargjöld: 746 milljónir	Rekstrargjöld: 394 milljónir
Laun og launatengd gjöld: 531 milljón	Laun og launatengd gjöld: 306 milljónir
Hagnaður ársins: 157 milljónir	Tap ársins: 75 milljónir
	KA
	Rekstrartekjur: 292 milljónir
	Rekstrargjöld: 296 milljónir
	Laun og launatengd gjöld: 155 milljónir
	Tap ársins: 9,6 milljónir

rúmar 20 milljónir. Valur er þó vel stætt félag og á knattspyrnudeild félagsins tæpar 80 milljónir króna í eigið fé en skuldirnar eru rétt rúmar 16 milljónir.

Rausnarleg gjöf
Hagnaður var á rekstri knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu 2022 og nam hann rúmunum 157 milljónum króna. Hagnaðurinn

kemur þó til vegna þess að félagið fékk rausnarlega gjöf frá stuðningsmanni félagsins sem féll frá á síðasta ári. Gríðarleg aukning er í kostnaði hjá Breiðabliki á milli ára en af þeim félögum sem skilað hafa ársreikningi sínum á þessu ári er Breiðablik í sérflokki þegar kemur að tekjum og útgjöldum.

Rekstrartekjur Breiðabliks á síðasta ári voru 902 milljónir og aukast

Rekstur KA var þungur á síðasta ári en búist er við að tekjur aukist mikið á þessu ári með þátttöku liðsins í Evrópukeppni karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

og annan kostnað 531 milljón árið 2022 en sá kostnaðarliður hækkar um 110 milljónir á milli ára. Þessi mikla aukning í kostnaði skilaði sér innan vallar en meistaraflokkur karla varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í tólf ár á síðasta ári.

Eiga mikla fjármuni
Knattspyrnudeild Breiðabliks er vel stæð og veltufjármunir deildarinnar eru 308 milljónir króna, munar þar mestu um verðbréfaeign sem er 178 milljónir króna en var 0 krónur árið á undan. Hafði félagið hagnast um tvær milljónir á verðbréfaeign sinni á síðasta ári. Er þessi verðbréfaeign færð undir þann styrk sem kom frá Guðmundi Óskarssyni en um gjöfina segir í ársreikningi Breiðabliks: „Var það sett í sjóð sem verður notaður til góðra verka en allar úthlut- anir úr sjóðnum þarf að bera undir stjórn. Haldið er utan um sjóðinn á sérstökum eiginfjárreikningi.“

Taprekstur á Akureyri
Knattspyrnudeild KA hefur einnig skilað ársreikningi sínum en þar kemur í ljós að deildin var rekin með tæplega 10 milljóna króna tapi á síðasta ári. Tekjur deildarinnar lækka á milli ári en hagnaður upp á tæpar 50 milljónir króna var á rekstri KA árið 2021.

Launakostnaður hjá knattspyrnudeild KA hækkar mikið á milli ára og var 155 milljónir króna á síðasta ári, hækkar sá kostnaðarliður um 41 milljón á milli ára en liðið náði Evrópusæti í Bestu deild karla á síðasta ári.

Tekjur KA voru 292 milljónir í fyrra en voru rúmar 300 milljónir króna árið á undan, kostnaðurinn við reksturinn fór úr því að vera 265 milljónir og var 296 milljónir á síðasta ári. Tekjur vegna félags- skipta leikmanna voru 37 milljónir króna á síðasta ári en Nökkvi Þeyr Þórisson var seldur til Belgíu á miðju síðasta ári.

Reiknað er með að tekjur KA aukist mikið á milli ára með tilkomu peninga vegna þátttöku í Evrópu- keppni karla, en félagið hefur nú þegar greitt leikmönnum út bónusa fyrir að vinna sér inn sæti í keppn- inni í sumar. ■

»
Launakostnaður Breiðabliks var meira en hálfur milljarður á síðasta ári en tekjur deildarinnar nálgast milljarð.

um tæpar 230 milljónir á milli ára. Þar vegur þýngst 203 milljóna króna gjöf Guðmundar Óskarssonar, tekjur af seldum leikmönnum voru 116 milljónir króna og aukast um 46 milljónir á milli ára.

Tekjur af mótum voru 259 milljónir árið 2022 og lækkar sá tekjuliður um tæpar 20 milljónir á milli ára. Rekstrargjöld Breiðabliks voru 746 milljónir á síðasta ári og eykst kostnaðurinn við deildina um 120 milljónir á milli ára.

Þar munar mestu um gríðarlegan kostnað við leikmenn, þjálfara og yfirstjórn. Breiðablik borgaði í laun



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 15. mars 2023

KYNNINGARBLAÐ



Idol-söngvarinn Kjalmar Martinsson Kollmar tekur lagið í Bókasafni Kópavogs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bókasafnið fagnar tímamótum


gummih@frettabladid.is

Bókasafn Kópavogs heldur í dag upp á 70 ára afmæli sitt. Í tilefni afmælisins hefur verið húllumhæ um allt safnið síðustu daga sem nær hámarki í dag á sjálfan afmælisdaginn.

Það verður þétt dagskrá á afmælisdaginn. Hún hefst klukkan 10 með sögustund með Arndísi Þórarinsdóttur. Sögustundin er opin öllum söguþyrstum krökkum sem vilja hverfa inn í heim ævintýranna. Í kjölfarið, eða klukkan 12.15, verður afmælisjóga með Evu Mariu Jónsdóttur þar sem hún kynnir meðal annars aðferðir til að ná tökum á jafnvæginu.

Kjalar stigur á stökk

Sýnd verður stuttmynd Martins Sigurgeirssonar kvikmyndagerðarmanns um sögu Bókasafns Kópavogs og saga safnsins í 70 ár verður rakin af Frimanni Inga Helgasyni frá Sögufélagi Kópavogs. Hann-yrðaklúbburinn Kaðlín þrjár til góðs og er allt handavinnufólk velkomið til að taka þátt og þrjóna flik sem gefin verður góðum málstað. Bókmenntaklúbburinn Hananús les ljóð sem og nemendur Lindaskóla og síðasti dagskrárliðurinn, sem hefst klukkan 17, er tónlistaratriði. Þá stigur á stökk Idol-keppandinn Kjalmar Martinsson Kollmar og syngur perlor fyrir gesti eins og honum er einum lagið. Með honum kemur fram gitarleikarinn Alexander Grybos. ■



Bjarni Jakob Gunnarsson þríþrautarkappi mælir hiklaust með rauðrófuhyllkjunum frá Natures Aid fyrir alla, sérstaklega íþróttafólk.

MYND/ADSEND

Afkastar meira á æfingum með rauðrófuhyllkjunum frá Natures Aid

Rauðrófan hefur lengi verið þekkt fyrir heilsuefandi eiginleika en hylkin frá Natures Aid innihalda 4.620 mg af þurrkaðri rauðrófu sem samsvarar 9.240 mg í ráðlögðum skammti. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaupt
www.celsus.is

Í aldanna rás hefur neysla á rauðrófum verið talin geta haft ýmis heilsuefandi áhrif á líkama okkar og notkun hennar má rekja allt að 2000 ár aftur í tímann til Rómverja. Áhugi á heilsuefandi eiginleikum rauðrófunnar er sífellt að aukast og þá sérstaklega hjá íþróttafólki þar sem rauðrófan inniheldur nitröt sem er sannkölluð ofurfæða.

Hylki eru hentug lausn
Rauðrófur eru af sömu plöntuætt og spinat og tilheyra tegundinni Beta vulgaris. Rauðrófur eru sneisafullar af næringar- og plöntuefnum og innihalda meðal annars ríkulegt magn af járni, A-, B6- og C-vítamíni, fólínsýru, magnesíum og kalíum. Þar að auki innihalda þær góð flókin kolvetni, trefjar og öflug andoxunarefni. Rauðrófur eru eitthvað sem allt íþróttafólk ætti að bæta í sína rútinu, en það eiga ekki allir safavél heima hjá sér. Enn færri nenna að standa í því að pressa sér hreinan rauðrófusafa á hverjum degi þar sem því fylgir mikið uppvas og litarefnið úr safanum á það til að lita allt sem það kemst í tæri við. Auk þess eru ekki allir jafn hrifnir af bragðinu af safanum. Því er rauðrófuduft í hylkjum góð lausn til að bæta þessari vinsælu ofurfæðu inn í daglega rútinu.

Orkumeiri og finnst ég afkasta meira á æfingum
Bjarni Jakob Gunnarsson er 35 ára verkfræðingur og tveggja barna faðir. Bjarni Jakob stundaði fótbolta frá fjögurra ára aldri en lauk ferli sínum árið 2015 og hóf að æfa CrossFit í kjölfarið. Í dag stundar Bjarni Jakob hins vegar þríþraut af kappi og keppir í þrautinni með frábærum árangri. Bjarni Jakob hefur verið að nota rauðrófuhylkin frá Natures Aid í dágóðan tíma samhlíða þríþrautinni og deilir hér með okkur sinni reynslu. „Ég kynntist gagnsemi rauðrófunnar í gegnum æfingafélaga mína í þríþrautinni sem höfðu verið að neyta þeirra í kringum æfingar og keppnir með frábærum árangri. Ég ákvað því að prófa safa en færði mig fljótt yfir í hylkin frá Natures Aid vegna bragðsins og litarins af safanum. Mér þykir rauðrófuhylkin frá Natures Aid veita mér aukinn kraft á æfingum. Ég er orkumeiri og finnst ég afkasta mun meira. Einnig er frábær kostur að ég finn almennt fyrir minni kulda í líkamanum þegar ég tek inn rauðrófuhylkin. Þau eru ótrúlega þægileg í notkun og hentugt að



Bjarni Jakob kynntist gagnsemi rauðrófunnar í gegnum æfingafélagana í þríþraut sem höfðu neytt þeirra með frábærum árangri. MYNDIR/ADSENDAR



Mér þykir rauðrófuhylkin frá Natures Aid veita mér aukinn kraft á æfingum. Ég er orkumeiri og finnst ég afkasta mun meira. Einnig er frábær kostur að ég finn almennt fyrir minni kulda í líkamanum.



Rauðrófur eru fullar af næringar- og plöntuefnum og innihalda meðal annars ríkulegt magn af járni, A-, B6- og C-vítamíni, fólínsýru, magnesíum og kalíum.

innbyrða tvö hylki daglega eins og ráðlagt er. Ég passa alltaf að taka hylkin inn á sama tíma dags, 2–3 tímum fyrir æfingu en ég finn mikinn mun á mér og hef fulla trú á þessu bætiefni,“ segir Bjarni Jakob um tilkomu rauðrófuhylkjanna í sína daglegu rútinu. **Áhrifin leyna sér ekki**
Bjarni Jakob tekur fram að eftir að hann fór að taka hylki í stað safans fyrir æfingar hafi hann fengið ýmsar fyrirspurnir, sérstaklega frá íþróttafólki. Hann átti meðal annars samtal við tvo einstaklinga sem neyta að sama skapi tiltekinna hylkja. Sá fyrri stundar maraþonhlaup og sá seinni spilar knattspyrnu í 1. deild karla og mæltu þeir báðir: „Ég hef aldrei verið orkumeiri síðan ég byrjaði að taka inn hylkin og finn ég mikinn mun á mér á löngum æfingum.“ Bjarni Jakob mælir hiklaust með rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid, sérstaklega fyrir þá sem vilja bæta árangur sinn á æfingum og keppnum.

100% náttúruleg innihaldsefni
Rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru 100% náttúruleg og án allra aukefna. Eitt hylki jafngildir 4.620 mg af þurrkaðri rauðrófu en mælt er með að taka með mat tvö hylki á dag, sem samsvarar 9.240 mg af þurrkaðri rauðrófu. Að auki er auðvelt að opna hylkin og bæta duftinu út í heilsudrykki eða grautinn. Hylkin eru án allra gervi- og litarefna. Þau eru einnig mjólkur-, laktósa-, glúten- og sykurlaus.

Þar sem að talið er að nitröt í rauðrófum hafi áhrif á blóðþrýsting ættu þeir sem hafa lágan blóðþrýsting eða taka blóðþrýstingslyf að ráðfæra sig við lækni áður en þeir bæta rauðrófum við mataræði sitt. ■



Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnighefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Natures Aid kynnir einnig ofur-bætiefnin: Glucosamine & Chondroitin Complex Krill Olía

Glucosamine & Chondroitin Complex Inniheldur glúkósamín og kondtrótín sulfat en þessi tvö efni hafa reynst mörgum vel fyrir liðina. Krill Olía Inniheldur öflug andoxunarefni, EPA, DHA og Omega-3 fitusýrur sem eru afar mikilvægar fyrir mannslíkaman.

Bjarni Jakob þríþrautar kappi mælir einnig með bætiefnunum frá Natures aid, eins og hann sjálfur segir frá:

„Ég tek alltaf þessi þrjú heilögu þegar æfingartímabilið er byrjað: Glucosamine, Krill og Beetroot. Ég fann það þegar ég tók mér smá hlé frá inntöku á Glucosamine (eftir Járnlíðinn) þá var ég stírbari á morgnana og fann ég greinilegan mun á mér þótt ég væri ekkert að æfa. Ég er byrjaður að taka inn Glucosamine og Krill aftur og ég vakna ekki stírbur á morgnana. Hef verið að glíma við hášina meiðsl í gegnum tíðina en mér finnst ég vera töluvert betri og næ að halda mér nokkuð góðum með Glucosamine og Krill oliunni. Einnig finn ég mun á mér þegar ég er búinn að sitja lengi við í vinnunni að bakið og liðirnir verða ekki eins fljótt stífir“



Bætiefnin frá Natures Aid fást í öllum helstu apótekum landsins og heilsuhillum stórmarkaða

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Hárlosvandamálið er úr sögunni

Fanney Dóra Veigarsdóttir byrjaði að prófa að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine eftir að hafa upplifað mikið hárlós. Árangurinn kom henni virkilega á óvart en hún hefur ekki þurft að losa hár úr hárburstanum sínum í hálf t.ár.

Fanney Dóra eignaðist barn fyrir tveimur árum síðan og missti mikið hár í kringum brjóstagjöfina. Hún bjóst við að það myndi lagast með tímanum en hárlósið hélt bara áfram. Þá talaði hún við vinkonu sína sem benti henni á að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine.

„Ég fór fyrst í blóðprufu, en ég er mikill stuðningsmaður þess að láta athuga hvaða vítamín maður þarf áður en maður byrjar að taka inn bætiefni. Það kom í ljós að mig vantaði töluvert af vítamínum,“ útskýrir hún.

Í kjölfar blóðprufunnar byrjaði Fanney Dóra að taka inn Pure Omega-3 en hún ákvað að taka líka inn Synergize-Your-Gut fyrir magaflóruna og Daily-D3 d-vítamín, allt frá Good Routine.

„Það er svo mikið afalls kyns vítamínum á markaðnum og það er erfitt að átta sig á því hvað maður á að taka og hvað er betra en annað. Ástæðan fyrir því að ég valdi bætiefni frá Good Routine er að þegar vinkona mín sagði mér frá þessu merki þá leist mér svo vel á hvernig bætiefnin eru framleidd og hver innihaldsefnin eru,“ útskýrir Fanney Dóra.

„Það skiptir mig máli að það séu ekki innihaldsefni í þeim vítamínum sem ég tek sem ég þekki ekki eða get ekki auðveldlega fundið út hver eru.“

Munurinn kom á óvart

Eins og áður segir var Fanney Dóra búin að glíma við mikið hárlós, en hún var líka farin að sofa frekar illa og finna fyrir þreytu.

„Það eru komnir sex mánuðir



Fanney Dóra segist aldrei hafa fundið eins mikinn mun á sér og eftir að hún byrjaði að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine.

FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Ég hef ekki fundið svona mikinn mun á mér áður þegar ég tek inn vítamín. Ég hef alveg fundið mun, en þetta er alveg sjáanlegur munur.

Pure Omega-3 hylkin samantanda af ómega-3 fitusýrum í sínu náttúrulega formi.



Ráðlögð notkun af Pure Omega-3 eru tvö hylki á dag með mat eða vatni.

síðan ég byrjaði að taka inn þessi bætiefni og munurinn sem ég finn á mér hefur komið mér virkilega á óvart. Áður fyrr þurfti ég að hreinsa hár úr hárburstanum mínum að meðaltali annan hvern dag. En ég hef ekkert þurfa að gera það síðan ég byrjaði að taka Omega-3 fyrir að verða sex mánuðum.“

„Ég veit ekki hvort það er blanda af þessu þrennu, en læknar voru oft búnir að segja mér að taka inn Omega-3. Ég hef ekki fundið svona mikinn mun á mér áður þegar ég tek inn vítamín. Ég hef alveg fundið einhvern mun, en þetta er alveg sjáanlegur munur. Það er líka augljósara núna því ég var að breyta um háralit, ég var dökkhærð en er núna með rautt hár, svo ef ég sé hár liggja einhvers staðar þá sé ég það alveg á litnum hvort þetta eru gömul hár eða ný. Þetta er augljóslega að virka fyrir mig.“

Kostir Pure Omega-3

Pure Omega-3 frá Good Routine inniheldur hæsta styrk af Omega-3 fitusýrum í hverri skammtastærð (1.430 mg). Hylkin samantanda af ómega-3 fitusýrum í sínu náttúru-

lega og stöðuga þriglýseríðaformi sem tryggir upptöku í frumuhimnum.

Pure Omega-3 er framleitt með einkaleyfisvörðu tækniferli Flutex™, sem felur í sér fjögurra stiga sértækt hreinsunarferli. Það tryggir að þungmálmar og önnur mengunarefni eru fjarlægð án þess að notast sé við leysiefni, háan hita eða aðrar ágengar aðferðir sem gætu haft áhrif á gæði.

Mælt er með Pure Omega-3 til að tryggja heilbrigði hjarta, augna, taugakerfis, húðar, beina og liðamóta, til að viðhalda eðlilegu magni lípíða í blóðinu, styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir ofnæmisviðbrögð og stuðla að velliðan þeirra sem neyta ekki nógu mikils af góðri fitu. Ráðlögð notkun eru tvö hylki á dag, tekin með mat eða vatnsglasi eða samkvæmt tilmælum sérhæfðs ráðgjafa. ■

Sölustaðir Good Routine eru Hagkaup, Lyf & heilsa, Apótek-arinn, Krónan, Fjarðarkaup og goodroutine.is

Dagbjartur Daði Jónsson, spjótkastari úr ÍR, átti góðu gengi að fagna á Evrópubíkarskastmótinu sem fram fór í Leira í Portúgal um nýliðna helgi.

gummih@frettabladid.is

Dagbjartur var hársbreidd frá því að næla sér í gullverðlaun á mótinu en hann varð að láta sér lynda silfurverðlaunin með kasti sem mældist einum sentímetra styttra en sigurkastið. Portúgalinn Leandro Ramos hreppti gullverðlaunin en hann þeytti spjótinu lengst 78,57 metra en Dagbjartur Daði kastaði 78,56 metra.

Þetta er besta byrjun Dagbjarts á tímabilinu frá upphafi en kast hans í Leira er það þriðja lengsta hjá honum á ferlinum. Hann á best 79,57 metra sem hann náði á Meistaramóti Íslands á Akureyri fyrir tveimur árum.

„Árangurinn í Portúgal var vonum framar hjá mér. Ég var ekki alveg að búast við því að vera svona ferskur svona snemma árs enda hefur maður aðeins komist tvisvar sinnum út að kasta hér heima á þessu ári. Ég kastaði tveimur metrum lengra en ég hef áður gert í byrjun keppnistímabilsins og þetta veit bara á gott,“ segir Dagbjartur Daði.

Eins og áður segir var Dagbjartur grátlega nærri því að hreppa gullverðlaunin á Evrópubíkarskastmótinu en alls voru keppendur 14 sem tóku þátt í spjótkestkeppninni.

„Þetta var þínu svekkjandi. Ég hélt að við hefðum endað jafnir en svo kom í ljós að mitt kast mældist



Dagbjartur Daði með spjótið á lofti. Þjálfari hans, Einar Vilhjálmsson, fylgist með.

MYND/MARTA MARIA BOZOVIC SILJUDÓTTIR

einum sentímetra styttra. En þetta var góð keppni og skemmtileg og ég get ekki annað en verið mjög ánægður með mína frammistöðu.“

Dagbjartur hefur tvö undanfarin ár verið við nám og keppni í Bandaríkjunum en ákvað að snúa aftur heim.

„Ég var ekki alveg í því námi sem ég vildi vera í og svo er þjálfari minn búsettur á Íslandi. Ég ákvað því að koma heim en dvölin í Bandarík-

junum var fin og ég bý vel að henni hvað spjótkestið varðar.“

Hefur goðsögn sem þjálfara Þjálfari Dagbjarts er goðsögnin Einar Vilhjálmsson, sem á árum áður var frábær spjótkastari, stóð sig afar vel á alþjóðlegum mótum og vann til fjölda verðlauna hér heima og erlendis. Einar var í þriggja útnefndur íþróttamaður ársins og fyrir tveimur árum var

Ég ætla mér að kasta yfir 80 metrana sem fyrst.

hann útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. „Við Einar höfum verið saman í tæp níu ár og það er frábært að geta verið með svona góðan vin og goðsögn til að leiðbeina sér,“ segir

Dagbjartur, sem er 26 ára gamall. Hann segist eiga helling inni.

„Ég er búinn að vera að kasta spjóti í net eins og maður gerir á veturna hér heima. Það er erfitt að fá svör við því hvernig spjótið er að fara út úr hendinni þegar maður kastar því í net og það má eiginlega segja að ég hafi fengið hálf t. viðáttu-brjálæði þegar ég keppti á mótinu í Portúgal. Maður verður eins og lamb á vorin. Hleypur um og kastar einhvern veginn,“ segir Dagbjartur og hlær.

„Ég á mjög mikið inni. Það verður mikil vinna næstu tvo mánuðina. Ég ætla mér að kasta yfir 80 metrana sem fyrst og stóra markmiðið er að tryggja sér þátttökurétt á HM sem haldið verður í Búdapest í ágúst. Lágmarkið er 85 metrar en ég reikna ekki með því að þurfa að kasta svo langt til að ná lágmarkinu. Núna snýst þetta aðallega um að komast á einhver góð mót erlendis og ná stöðugleika. Í fyrsta skipti í langan tíma verður haldið Norðurlandamót utanhúss sem verður í Danmörku í maí, þar sem ég verð með, og svo er Evrópubíkar-mót í júní,“ segir Dagbjartur.

Frjálsar íþróttir hafa skipað stóran sess í lífi Dagbjartar frá unga aldri en foreldrar hans gerðu garðinn frægan á árum áður. Móðir hans, Martha Ernsts dóttir, vann til fjölda verðlauna í langhlaupum og faðir hans, Jón Oddsson, var öflugur spretthlaupari. Þau eru bæði virk í sportinu og eru þjálfarar.

„Ég byrjaði snemma að æfa frjálsar en frá því við Einar byrjuðum að vinna saman árið 2014 hef ég eingöngu einbeitt mér að spjót-kastinu.“ ■

25.
MARS



TIX.IS

JAKOB FRÍMANN ER

JACK MAGNET

Gull
OKKAR BJÓR
LITILL
2,29%
AÐ VÖÐU



TÓNLEIKAUPPLIFUN Á AÐSTA
PLANI MANNLEGRAR
SKYNJUNAR!

Hið goðsagnakennda tónverk Jack Magnet, sem Jakob Frímann Magnússon sendi frá sér við upphaf níunda áratugarins, verður flutt í heild sinni í fyrsta sinn hér á landi laugardaginn 25. mars á sviði Bæjarbíós í Hafnarfirði.



EINVALALIÐ
LISTAMANNA!

Valdimar Guðmundsson, Dís Jakobs, Eypór Gunnarsson, Jóel Pálsson, Guðmundur Pétursson,
Róbert Þórhallsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson o.fl. — ásamt Jakobi Frímanni.

MERKISATBURÐIR

- 1493

Kristófer Kólabus kemur til baka til Spánar úr fyrstu Ameríkuferð sinni.

1905

Bæjarsíminn í Reykjavík er formlega opnaður. Leikið er á fiðlu í símann af tilefninu.

1940

Finnar og Sovétmenn undirrituðu friðarsamkomu-lag í vetrarstríðinu.

1953

Þjóðvarnarflokkur Íslands er stofnaður. Flokkurinn starfar í áratug.

1956

Söngleikurinn My Fair Lady er frumsýndur á Broad-way.

1961

Suður-Afríka segir sig úr Breska samveldinu.

1964

Leikkonan Elisabeth Taylor og leikarinn Richard Burton ganga í hjónaband.

1983

Litlu munar að farþegaþota frá Arnarflugi og herflugvél rekist á rétt við Vestmanna-eyjar.

1985

Íslenska kvikmyndin Hvítir mávar frum-sýnd á Seyðisfirði.

1993


Franski knatt-spyrnumaðurinn Paul Pogba fæddur.

1996

Flugvélafram-leiðandinn Fokker verður gjaldþrota.

2006

Bandarísk stjórnvöld tilkynna ríkisstjórn Íslands um þau áform sín að kalla allar orrustuþotur sínar og björgunarþyrlur heim frá Keflavík.
-
-
- Þingmennirnir veitast að Sesari. Málverk eftir Vincenzo Camuccini, málað milli 1804 og 1805.
- Lýðveldinu gerður bjarnargreiði
- Það var á þessum degi árið 44 f.Kr. sem Júlíus Sesar var stunginn til bana af rómverskum þingmönnum. Samsærið var framið í þágu lýðveldisins en framlengdi einungis það óumflýjanlega.
- arnartomas@frettabladid.is
- Snemma árs 44 f.Kr. lýsti Júlíus Sesar sig einvald Rómaveldis. Á þeim tíma voru æðstu stjórnendur í Róm tveir lýðræðis-lega kjörnir ræðismenn en Sesar sat nú einn að kjötkötunum eftir að hafa borið sigur úr þytum í borgarastriði gegn koll-ega sínum, Pompeiusi.
- Þótt Sesar væri gríðarlega vinsæll meðal almennings í Róm höfðu margir þingmenn áhyggjur af ákvörðun hans því þeim þótti hún grafa undan þeim gildum sem lýðveldið var byggt á, einna helst sjálfu lýðræðinu.
- Hugsjónir tilræðisins
- Samsærið hófst með leynilegum fundi þingmannanna Kassíusar og Brútusar sem ákváðu að eitthvað þyrfti að gera til þess að koma í veg fyrir að Sesar myndi krýna sjálfan sig sem konung Rómar.
- Þótt það þyrfti í rauninni ekki nema einn mann til að fremja morðið fannst Brútusi mikilvægt að fá valdamikla menn innan veldisins með um borð til þess að veita ódæðinu lögmæti. Morðið átti ekki að vera valdabrölt eða ástríðu-glæpur gegn manningum Sesari heldur lögmæt leið borgara til þess að losa sig við einráð.
- Þeir Kassíus og Brútus fengu tugi þing-manna til liðs við sig en gættu sín þó á að hafa þá ekki of marga til þess að koma upp um samsærið. Einhverjir samsæris-mannanna viðruðu hugmyndina um að Antoníus, einn helsti bandamaður Ses-ars, skyldi einnig vera myrtur en Brútus lagðist gegn því. Taldi hann að ef fleiri menn yrðu drepnir þá myndi það grafa undan réttmæti aðgerðarinnar sem væri byggð á réttlátri hugsjón.
- Samsærismennirnir létu til skarar skriða þann 15. mars. Sesar var þá mættur til þings í leikhúsi kenndu við Pompeius því framkvæmdir stóðu yfir á húsi öldungaráðsins. Þegar Sesar settist niður var hann umkringdur af samsæris-mönnum sem stungu hann tuttugu og þrisvar sinnum.
- Þótt hugmyndin að baki morðinu á Sesari hafi verið að bjarga lýðræðinu varð raunin allt önnur. Oktavianus, kjör-sonur Sesars, gekk í bandalag með Ant-oníusi og Lepidusi og réðu þeir niðurlög-um samsærismannanna. Þar á eftir tók við borgarastyrjöld milli Oktavianusar og Antoníusar sem lauk með sigri hins fyrrnefnda. Rómverska lýðveldinu lauk endanlega þegar Oktavianus lét krýna sig keisara, 16. janúar 27 f.Kr.
- Vinsæll harðstjóri
- „Það er morgunljóst, að minnsta kosti þegar kemur að Brútusi, að hann taldi
-
- Brútusar er oft minnst sem svikara enda voru þeir Sesar eitt sinn miklir vinir. Í Viti Dante deila þeir Kassíus plássi með Júdasi í gini sjálfs Lúsifers. Brútus unni þó rómverska lýðveldinu af öllu hjarta og taldi sig vera að bjarga því.
- Stjórnarform lýðveldisins var gjörsamlega gengið úr sér og ringulreiðin ára-tugina á undan slík að það hlaut að vera að einhver myndi taka sér einræðisvald.
-
- Guðmundur J. Guðmundsson
- sig vera að drepa harðstjóra,” segir Guð-mundur J. Guðmundsson sagnfræðingur um þá ákvörðun samsærismannanna að nýta ekki tækifærið til að losa sig við volduga bandamenn Sesars á borð við Antoníus. „Þeir héldu að allir hugsuðu eins og þeir en það kom auðvitað í ljós að svo var ekki og þeir enda á að hrökklast til burtu.“
- Var fall lýðveldisins óumflýjanlegt á þessum tíma? Voru þeir bara að fram-lengja hið óhjákvæmilega?
- „Það er alltaf erfitt að segja. Maður heldur alltaf einhvern veginn að hlutirn-ir hlytu að gerast eins og þeir gerðust en
- ég reyndar sé ekki í hendi mér hvernig þetta hefði átt að fara öðruvísi í þessu til-felli,” svarar Guðmundur. „Stjórnarform lýðveldisins var gjörsamlega gengið úr sér og ringulreiðin áratugina á undan slík að það hlaut að vera að einhver myndi taka sér einræðisvald.“
- Ein af ástæðunum fyrir vinsældum Sesars var einmitt hve langleiður róm-verskur almenningur var orðinn á spill-ingu í öldungaráðinu.
- „Það má líka taka tillit til þess að á þeim stutta tíma sem hann er við völd þá nær hann að koma ótrúlegum fram-kvæmdum í gegn,” bendir Guðmundur á. „Hann byggir upp stóran hluta af Róm og gerir alls kyns breytingar sem bættu hag manna á þessum tíma.“
- Sem einráður slapp Sesar þannig við búrókrasíuna sem fylgir oft lýðræðinu.
- „Já eða hafði að minnsta kosti tök á henni,” segir Guðmundur og hlær.
- Tógaskyldan kom sér vel
- Það virðist ótrúlegt að það hafi verið hægt að ráða svona valdamikinn mann af dögum í almenningsrými.
- „Það virðist ekki vera,” svarar Guð-mundur spurður um hvort það hafi engin löggæsla verið á svæðinu. „Hann gekk yfir torgið á leið í öldungaráðið, því þar máttu engir vagnar fara yfir, og hefur greinilega ekki haft neina lífverði með sér. Menn gengu almennt séð ekki vopnaðir í Róm því það var illa séð en til-ræðismennirnir leyndu hnifunum undir klæðnaðinum.“
- Tóga er kannski betri klæðnaður en margur annar til þess að fela vopn?
- „Jú, það er hægt að fela þar ýmislegt!“ ■
-
-
- Ástkær sonur minn, sambýlismaður, bróðir, mágur, faðir og afi,
- Björn Reynarð Arason**
framkvæmdastjóri,
- varð bráðkvaddur í Fljótum
sunnudaginn 5. mars 2023.
- Útförin fer fram frá Ólafsþjóðarkirkju
föstudaginn 17. mars kl. 14.00.
- Minný Kristbjörg Eggertsdóttir**
Berglind Gylfadóttir
- Bylgja Rúna Aradóttir**
Guðrún Ólóf Björnsdóttir
Ari Sigþór Heiðdal Björnsson
Jón Fannar Björnsson
Fanney Björg Björnsdóttir
- Hinrik Karl Hinriksson**
Birgir Björn Hjartarson
Ara Dan Pálmadóttir
Heiðdis Anna Grant
Daði Guðvarðarson
barnabörn
-
-
- Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
- Pollý Gísladóttir**
- Stekkjarflöt 19,
Garðabæ,
- lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
þann 10. mars síðastliðinn.
- Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju 20. mars kl. 13.00.
Blessuð sé minning hennar.
- Henning Á. Bjarnason**
- Úlfar Henningsson**
Bragi Henningsson
Agnes Henningsdóttir
Sandra Bragadóttir
Henning A. Úlfarsson
Pollý Hilmarisdóttir
Guðjón Henning Hilmarsson
Bragi Hilmarsson
- Hólmfríður E. Guðmundsdóttir**
Mark Weinberg
Hilmar Guðjónsson
Michael Jørgensen
Emilía Lóa Halldórsdóttir
Ólafur Friðrik Sigvaldason
- og barnabarnabörn
- Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



BÍÓ bærinn

BÍÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00

OG AFTUR KL. 22.00

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT

SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
19.30 Söfnin á Íslandi Þáttaröð um íslensk söfn og safnamenningu. (e)
20.00 Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins. (e)

RÚV SJÓNVARP

13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós
14.00 Útsvar 2017-2018
15.15 Söngvaskáld
16.05 Heilabrot
16.35 Okkar á milli
17.00 Leyndarlíf hunda
17.50 Vísindahorn Ævars
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hæ Sámur
18.08 Símon
18.13 Örvar og Rebekka
18.25 Ólívía
18.36 Eldhugar - Naziq al-Abid - aðgerðasinni af aðalsættum Stuttur þættir þar sem við kynnumst merkiskonum mannkynssögunnar.
18.40 Krakkafréttir með táknmálstúlkun Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt.
18.45 Lag dagsins
18.52 Víkinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Kiljan
21.05 Dýragarðsbörnin Þýsk þáttaröð í átta þáttum byggð á endurminningum Christiane F.
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Frelisbarátta svartra Bandaríkjamanna Heimildarmynd frá BBC um stöðu svartra Bandaríkjamanna hálfri öld eftir að mannréttindalög tóku gildi í landinu, sem áttu að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti.
23.10 Lífshlaup í tíu myndum - Tupac Shakur
00.05 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.00 Dr. Phil
12.42 The Late Late Show with James Corden
13.22 The Block
14.22 Love Island
15.16 Læknirinn í eldhúsinu
15.46 Að heiman - íslenskir arktektar
16.10 Ghosts
17.00 Family Guy
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show with James Corden
19.10 9JKL
19.40 The Neighborhood **20.10** Survivor
21.00 New Amsterdam **21.50** Love Island
22.35 Good Trouble
23.20 The Late Late Show with James Corden
00.05 NCIS
00.50 NCIS. New Orleans
01.35 9-1-1
02.20 American Gigolo
03.10 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grand Designs. Australia
09.05 Bold and the Beautiful
09.30 Listing Impossible
10.10 Mr. Mayor
10.30 Masterchef USA
11.10 Þetta reddast
11.30 Um land allt
12.10 Franklin & Bash
12.50 Ísskápastríð
13.25 Shark Tank
14.10 Saved by the Bell
14.35 Love Triangle
15.25 Lóa Pind. Battlað í borginni
16.00 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham
16.30 The Heart Guy
17.15 Franklin & Bash
17.55 Bold and the Beautiful
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkin
18.55 Ísland í dag
19.10 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
19.35 Grey's Anatomy
20.25 Family Law
21.05 The Resort
21.45 Unforgettable
22.30 NCIS
23.10 Grantchester Sjötta þáttaröð þessa bresku spennuþátta sem byggðir eru á met-sölubókum rithöfundarins James Runcie.
00.00 Outlander
01.00 Euphoria
01.55 Wentworth
02.45 Mr. Mayor
03.05 Shark Tank

Ingvar E. Sigurðsson mætir í Bíóbæinn

Stórleikarinn Ingvar E. Sigurðsson er aðalgestur kvikmyndabáttarins Bíóbæjar á Hringbraut í kvöld, en hann fer með aðalhlutverkið í nýrri íslenskri bíómynd, Volaða landi, sem sýnd er um þessar mundir í kvikmyndahúsum. Ingvar hefur mikla reynslu af kvikmyndaleik, bæði heima og erlendis, enda hefur hann leikið í tugum þeirra á löngum og farsælum ferli. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 stórvirki
5 skordýr
6 tveir eins
8 áhald
10 óðagot
11 drykkur
12 stútur
13 rúða
15 sætuefni
17 róta

LÓÐRÉTT
1 aukreitis
2 óforsjálni
3 upptök
4 kirnan
7 aðeins
9 ávöxtur
12 viður
14 sníkjudýr
16 rykkorn

LÁRÉTT. 1 afrek, 5 fló, 6 ee, 8 gatar, 10 as, 11 gín, 12 túða, 13 gler, 15 súkkat, 17 skara. LÓÐRÉTT. 1 afgangs, 2 fías, 3 rót, 4 keríð, 7 einasta, 9 agúrka, 12 lekk, 14 lús, 16 ar.

SUDOKU

		3	7	6		2		4
6						5		2
9	5				4	8		1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
				1		4	7	
			9		8			
8	1							

						7			6
		5					4		9
		2							
					2		9	7	8
9	5				8				3
				7				5	
1	3	4			2				7
6	7	2			5	9	3		1

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.


PONDUS





Í KVÖLD KL. 19.00 OG 21.00


Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf
þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir
vikunnar ásamt því sem hæst ber í
efnahagslífinu hverju sinni.



markadurinn.is



HRINGBRAUT





Staða skólastjóra við Krikaskóla í Mosfellsbæ

Krikaskóli er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundastarfi. Starfsemin tekur mið af menntastefnu Mosfellsbæjar, *Heimurinn er okkar*.

Í Krikaskóla eru um 200 börn á aldrinum tveggja til níu ára og um 50 starfsmenn. Í skólanum er lögð áhersla á teymisvinnu, einstaklingsmiðað nám, samstarf, vináttu og gleði. Starfshópur Krikaskóla er einstakur og hæfni hans mikil. Skólinn var stofnaður árið 2008 og hefur verið leiðandi í skólaþróun með nýjungum í kennsluháttum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og hefur víðtæka reynslu og þekkingu á skólastarfi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á skólastarfi, skólaþróun, stjórnun og forystu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá leikskóla og gæða- viðmið um frístundastarf. Leiða og bera ábyrgð á rekstri, þjónustu og daglegri starfsemi skólans.

Hafa forystu um og bera ábyrgð á mannauðsmálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun. Bera ábyrgð á og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla skilyrði.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun.
- Sjálfstæði í störfum, ríkt frumkvæði, jákvæðni og vilji til þátttöku í þverfaglegu samstarfi.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð, hæfni og virðing í samskiptum ásamt góðu orðspori.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, afrit af leyfisbréfi, kynnisbréf og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið.

Umsóknarfrestur er til 27. mars og laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Sí eða FSL.

Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur Sæmundsdóttir starfandi framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs, gunnhildur@mos.is og Hanna Guðlaugsdóttir mannauðsstjóri, hanna@mos.is og í síma 525-6700. Upplýsingar er einnig að finna á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skolastjori.

Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ
Reykjarvíkur. Lausir tímar.
Sími 694 7881, Janna.

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁI Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Umhverfismat framkvæmda Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Stækkun Keflavíkurflugvallar

Isavia hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats stækkunar Keflavíkurflugvallar.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b frá 15. mars til 2. maí 2023. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 2. maí 2023 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.


Vakin er athygli á að Isavia stendur fyrir opnum kynningarfundum fyrir almenning í Stapa í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ mánudaginn 3. apríl klukkan 20:00.

Viltu vera með okkur í liði?


Meiraprófsbílstjóri óskast til starfa hjá Bónus.

Meira um starfið á:

bonus.is/meiraprofsbilstjori



BÓNUS



Mótaðu framtíð vinnumarkaðarins með okkur langar að vinna með þér

BHM eru heildarsamtök 27 aðildarfélagar. Í félögunum eru fleiri en 17 þúsund félagar með margvíslegan bakgrunn og sérfræðiþekkingu, sem starfa á öllum sviðum samfélagsins.

Í krafti fjöldans og fjölbreytninnar stendur BHM vörð um mikilvægi hugvits, sérfræðikunnáttu og menntunar.

Ráðgjafi í þjónustuveri BHM

Ráðgjafi í þjónustuveri BHM veitir félagsfólki upplýsingar um ýmis mál og veitir aðstoð varðandi umsóknir um styrki úr sjóðum bandalagsins í samvinnu við ráðgjafateymi.

STARFSSVIÐ


- Þjónusta við félagsfólk aðildarfélagar BHM
- Móttaka og meðhöndlun gagna og umsókna
- Yfirferð styrkjaumsókna
- Umsjón og eftirlit með rafrænu umsóknarferli
- Gagnaöflun fyrir stjórnir sjóða BHM
- Hugmyndavinna og betrubætur á sjálfsafgreiðslu og rafrænu aðgengi félagsfólks að upplýsingum á vef BHM
- Innleiðing þjónustuaukandi leiða í samráði við aðra ráðgjafa þjónustvers BHM

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Góð reynsla af alhliða skrifstofustörfum
- Reynsla af störfum félagasamtaka er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2023. Nánari upplýsingar um starfið á intellecta.is.

Upplýsingar veitir Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is, sími 511-1225).



TORG

UMBROTSMANNAUR HJÁ FRÉTTABLAÐINU

Torg leitar að umbrotsmanni í vaktavinnu við umbrot á Fréttablaðinu og tengdum blöðum ásamt vinnslu og umsjón auglýsinga í blöðin.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennt umbrot á blöðum Torgs. (Fréttablaðið og sérblöð)
- Auglýsingagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Próf í grafískri hönnun eða grafískri miðlun.
- Geta til að vinna í hópi.
- Reynsla af dagblaða- og tímaritaumbroti er kostur.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á: sfa@torg.is | **Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2023.** |

Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐURINN

HRINGBRAUT

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

DV

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Deiliskipulag Suðurstrandar og Hrólfsskálamels, tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Skólabrautar 1

Á 136. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 9. febrúar 2023 og á 960. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 22. febrúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurstrandar og Hrólfsskálamels vegna Skólabrautar 1. Í deiliskipulagstillögunni er lóðin stækkuð til austurs og byggingarreitir skilgreindur fyrir færanlegar einnar hæðar kennslustofur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er auglýst frá og með 15. mars 2023 til og með 26. apríl 2023 og verður til sýnis á skrifstofu Skipulags- og umhverfisviðs Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 1.

Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar <https://www.seltjarnarnes.is/is/ibuar/umhverfi-og-skipulag/skipulagsmal>

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 26. apríl 2023.

Seltjarnarnesi, 13. mars 2023
Brynjar Þór Jónasson
Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar



Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

HVALFJARÐAR SVEIT



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vestri-Leirárgarða í Hvalfjarðarsveit

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 23. nóvember 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Vestri-Leirárgarða í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem skipulagstillagan takmarkast við er 92 ha að stærð innan jarðar Vestri-Leirárgarða og skv. gildandi deiliskipulagi frá árinu 2011 er m.a. heimilt að byggja reiðhöll, tvö íbúðarhús og reiðvöll til viðbótar við núverandi byggingar, auk þess er kvöð um gegnumakstur á vegi sem liggur um jörð Vestri-Leirárgarða. Skv. breytingartillögunni er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu á jörðinni og eru byggingarreitir íbúðarhúsa og reiðhallar felldir út, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir nýjum reiðvelli og kvöð um gegnumakstur um jörð Vestri-Leirárgarða felld út. Gerð er leiðrétting á skipulagsmörkum frá því sem er í gildandi deiliskipulagi, milli Vestri-Leirárgarða og Eystri-Leirárgarða.

Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við landnotkun aðal-skipulags Hvalfjarðarsveitar.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, að Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit frá og með 15. mars 2023 til og með 26. apríl 2023. Skipulagsgögn eru einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.hvalfjardarsveit.is>.

Tillagan er ekki háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Kynningarfundur verður auglýstur síðar á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

Hverjum þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 26. apríl 2023. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is eða með bréfpósti á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, stílað á skipulagsfulltrúa, Innrimel 3, 301 Akranesi.

Hvalfjarðarsveit 15.03.2023.
Jökull Helgason
Skipulagsfulltrúi



Lagermaður

Lyftarapróf æskilegt

Vinnutími virka daga frá kl 08:00 -17:00

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af lagerstörfum eða sambærilegu starfi, leggjum áherslu á góða þjónustulund, heiðarleika og stundvísi. Um er að ræða 100% starf.

Upplýsingar um umsækjenda, aldur og starfsferil óskast sendar á netfangið sht@verslun.is



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS



www.verslun.is

Sýningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Takít 5753 #

Leikskóli Seltjarnarness

Gildi Leikskóla Seltjarnarness eru jákvæðni, virðing og fagmennska. Þessi gildi hefur starfsmannahópurinn sameinast um að starfa eftir og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Við þurfum á góðu fólki að halda til að koma til liðs við okkar frábæra hóp! Skólinn statar af metnaðarfullri starfsemi, ýmsum viðbótarkjörum, styttingu vinnuvikunnar og tilboði um námssamninga.

Við óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf:

- Deildarstjóri, fullt starf
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi, fullt starf
- Sérgreinastjóri í listaskála, fullt starf

Upplýsingar um störf í Leikskóla Seltjarnarness veita Margrét Gísladóttir, leikskólastjóri, margret.gisladottir@seltjarnarnes.is og Linda Björg Birgisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, linda.b.birgisdottir@seltjarnarnes.is í síma 5959-280/290.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknum ásamt fylgiskjöllum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir seltjarnarnes.is – Störf í boði

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 27. mars 2023.



SELTJARNARNESBÆR

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**



Þeir sem staðið hafa í sporum Loreen

Því er spáð að Eurovision-drottningin Loreen muni eiga endurkomu aldarinnar í keppninni í ár og feta í sömu fótspor og árið 2012 með sigri. Fréttablaðið rifjar upp misgóðar endurkomur í Eurovision ásamt júrósérfræðingnum Inga Rós Vatnsdal.



Inga Rós Vatnsdal

odduraevan@frettabladid.is

Inga Rós Vatnsdal, sem stýrir Facebook-hópnum Júrövisjón 2023, segir að það sé oftast þannig að gamlir keppendur mæti með ögn síðra lag í síðara skiptið – þó að það sé auðvitað matsatriði.

Veðbankar spá Loreen öruggum sigri í maí en Inga Rós segir það allt of snemmbærar spár. „En mér finnst nýja lagið hennar Tattoo ógeðslega flott og ég féll alveg fyrir því þegar ég heyrði það fyrst. Það virðast hins vegar vera skiptar skoðanir á því, folki finnst það annaðhvort geggjáð eða tengir ekkert við það.“

Aðspurð segir Inga Rós að það fylgi því eðlilega ákveðinn baggi í Eurovision að hafa keppt áður. „Sérstaklega ef þú hefur unnið keppnina áður, þá er erfitt að koma aftur enda allir að bera lagið þitt saman við sigurlagið þitt.“

Aðeins einum hafi tekist að sigrast á þeim bagga, hinum írsku Johnny Logan. „Hann tók þetta tvisvar sem keppandi og einu sinni sem lagahöfundur með frábærum lögum, svo maður skilur að hann hafi tekið þetta.“

Hún rifjar upp að Charlotte Nils-

son mætti aftur árið 2008 eftir að hafa unnið 1999. „Ég ætti auðvitað ekki að segja þetta því hún vann Selmu en mér dettur fyrst hún í hug með lagið Hero eftir að hafa unnið 1999,“ segir hún hlæjandi.

„En svo er það ekkert algilt, því að svo man maður eftir keppendum eins og hinum rússneska Diman Bilan sem keppti í fyrsta sinn 2006 og lenti í öðru sæti og kom svo aftur 2008 og vann, með því sem mér til dæmis persónulega fannst lakara lag.“

Íslendingar eins og aðrir eiga sína fulltrúa sem keppt hafa oft en einu sinni. Inga rifjar upp framlag Selmu Björnsdóttur frá 2005, If I Had Your Love, sem komst ekki upp úr undankeppninni það árið. „Ég var fúl yfir því, mér fannst það geggjáð lag hjá henni en því miður gekk þetta ekki upp í keppninni.“

Inga nefnir sömuleiðis sænska keppandann Carolu sem vann keppnina árið 1991 með laginu Fångad av en stormvind eftir að hafa fyrst tekið þátt árið 1983 og mætti síðan aftur árið 2006 með lagið Invincible. „Það var gott lag þó hún hafi ekki unnið.“ ■



Loreen (2012, 2023)

Loreen er sigurstranglegust í Eurovision í ár með laginu sínu Tattoo. Hún á að marga mati besta Eurovision-lag allra tíma, Euphoria. Mun hún endurtaka

leikinn í keppninni í ár? Svo telja veðbankar en Eurovision-sérfræðingar minna á að enn á mikið vatn eftir að renna til sjávar þar til keppnin fer loks fram í maí.

Johnny Logan (1980, 1987 – 1992 sem lagahöfundur)


Eini maðurinn sem unnið hefur keppnina tvisvar. Goðsögn í Eurovision-heimum sem gerði sér lítið fyrir og vann svo sem höfundur.



Carola (1983, 1991, 2006)

Ekki margir geta státað af því að hafa keppt þrisvar sinnum í Eurovision-keppninni. Það hefur sænska söngkonan gert en hún vann keppnina með laginu Fångad

av en stormvind árið 1991 og var það í annað skiptið sem hún tók þátt. 2006 keppti hún svo aftur með laginu Invincible sem þótti fint lag en vann ekki neitt.



Diman Bilan (2006, 2008)

Rússneski hjartaknúsarinn var talinn einkar sigurstranglegur með ballöðuna sína Never Let You Go árið 2006. Hann laut þó í lægra haldi fyrir finnsku rokktröllunum í

Lordi sem sigldu fyrsta sigri Finnlands heim. Diman mætti bara aftur tveimur árum síðar með lagið Believe og í þetta skiptið gat enginn komið í veg fyrir sigur.

Charlotte Perelli (1999, 2008)

Konan sem kostaði Selmu sigur 1999 mætti aftur níu árum síðar með lagið Hero. Gekk ágætlega í keppninni en ekkert sigurlag.



Selma Björns (1999, 2005)

Selma Björnsdóttir á að marga mati besta Eurovision-lag Íslands frá upphafi í laginu All Out of Luck sem lenti í öðru sæti í Ísrael árið 1999. Íslenska þjóðin var því ekk-

ert eðlilega vongóð um gott gengi árið 2005 þegar okkar stærsta stjarna var send aftur með þrusufint popplag, If I Had Your Love, sem komst svo ekki í aðalkeppni.



Lena (2010, 2011)

Einhverjum að óvörum en þó alls ekki öllum sigraði Lena frá Þýskalandi í keppninni árið 2010 með flippaða popplaginu Satellitte. Hún

er ein af örfáum sigurvegurum sem hafa mætt til leiks strax árið eftir en árið 2011 keppti hún með lagið Taken By A Stranger.

Eiríkur Hauksson (1986, 2007)

Frumkvöðull Íslands í Eurovision úr Gleðibankanum mætti óvænt aftur til leiks 21 ári síðar með rokkballöðuna Valentine Lost. Tígur fastur í búi og leikari á tómu sviði. Komst ekki í aðalkeppnina.

Alexander Rybak (2009, 2018)

Það fengu allir og amma þeirra Fairytale á heilann árið 2008 þegar Alexander hrifsaði krúnuna úr höndunum á Jóhönnu Guðrúnu

sem lenti í 2. sæti. Hann mætti svo aftur níu árum síðar með kennslustund í That's How You Write a Song. Flaug áfram og í 15. sætið.



Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR



©2023 PAR. PICS.



Þórður segist reglulega heyra af því þegar vinir og vandamenn rekast á Reyka Vodka við um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Spenntur að taka á móti aðdáendum Evan Smoak

Aðalpersónan í hinum vinsæla spennusögubálki Orphan X dreypir á Reyka Vodka á Langjökli í nýjustu bókinni. Útgefandinn býður heppnum lesanda í Borgarfjörð að smakka til Þórðar Sigurðssonar yfirbruggara. Tíðindin komu Þórði á óvart en hann er spenntur að fá gesti.

odduraevan@frettabladid.is

„Ég verð að viðurkenna að það hef ég ekki gert,“ segir Þórður Sigurðsson, yfirbruggari hjá Reyka Vodka í Reykholti í Borgarfirði, spurður hvort hann hafi heyrt um Orphan X spennusögubálkin eftir Gregg Hurwitz.

Aðalpersóna bókanna er launmorðinginn Evan Smoak og hann er sérlegur aðdáandi vodka. Bókin er sú áttunda um kappann og er serían gríðarlega vinsæl um heim allan.

Svo vinsæl að útgefandinn, Penguin Random House, sá sér leik á borði og hefur boðað til sérlegs verðlaunaleiks í samstarfi við Reyka Vodka og ferðaskrifstofuna Regent Holidays UK þar sem heppinn lesandi getur unnið ferð til Íslands í bruggverksmiðju Reyka í Reykholti að smakka Reyka Vodka með Þórði, manninum sem ber ábyrgð á drykknum.

„Ég frétti yfirleitt síðastur af svona,“ segir Þórður hlæjandi bara af því við að það hljómi gríðarlega vel að taka á móti lesendum bókarinnar. „Ég frétti yfirleitt bara af því í gegnum vini eða kunningja þegar Reyka Vodka bregður fyrir í bókum, myndum eða þáttum.“

Þórður ber titilinn yfirbruggari og ber ábyrgð á hverri einni og einustu flösku af Reyka Vodka. „Ég ber ábyrgð á henni! Eða innihaldinu alla vega,“ segir Þórður hlæjandi.



Flaskan hefur sést við, meðal annars í Flórída og á Nýja-Sjálandi.

Hann rifjar upp að æskuvinur hans, sem ólst upp með honum í Borgarnesi og býr nú hinum megin á hnettinum á Nýja-Sjálandi, hafi eitt sinn verið komið á óvart af nágranna sínum með flösku af vodkanu. „Hann sagðist hafa keypt flöskuna á flugvellinum og að hann yrði að smakka! Steini, æskuvinur minn, sagði honum frá mér og að æskuvinur hans í Borgarnesi á Íslandi hefði bruggað þetta vodka. Hann ætlaði ekki að trúa honum fyrr en ég sendi félaga mínum mynd af mér fyrir framan tækin,“ segir Þórður hlæjandi.

Launmorðinginn Evan Smoak dreypir á Reyka Vodka strax í fyrsta kafla hinnar nýju bókar

og hittir meðal annars fyrrverandi liðsmann sérsveitar ríkislögreglustjóra uppi á Langjökli. „Hann er greinilega smekkmáður!“ segir Þórður hlæjandi um hinn dularfulla launmorðingja.

„Það er augljóst að ég verð aldeilis



Hann er greinilega smekkmáður!



Þórður Sigurðsson

að leggja mig fram um að lesa þessar bækur,“ segir Þórður sem kveðst spenntur að taka á móti sigurvegurum í leik Penguin og Reyka. „Ég hef alltaf gaman af því að taka á móti gestum og sérstaklega þegar það er gott tilefni eins og þetta. Þá legg ég mig sérstaklega fram um að vera fyndinn og skemmtilegur.“ ■

Eyfi

60 ára

GLÆSILEGIR AFMÆLISTÓNLEIKAR
Í HÁSKÓLABÍÓI LAUGARDAGINN
1. APRÍL KL. 21.00



Eyjólfr Kristjánsson heldur uppá 60 ára afmæli sitt með glæsilegum tónleikum þar sem öll Eyfalögin og fleiri til verða flutt af stórhljómsveit, bakröddum og gestasöngvurum undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

„Dagar“, „Álfheiður Björk“, „Nína“, „Ég lifi í draumi“, „Danska Lagið“, „Gott“, „Skref fyrir skref“, „Ástarævintýri (á Vetrarbraut)“, „Eins og vonin, Eins og lífið“ o. m. fl.

HLJÓMSVEIT:
TROMMUR: JÓHANN HJÖRLEIFSSON
BASSI: FRÍÐRIK STURLUSON
HLJÓMBORÐ: ÞÓRIR ÚLFARSSON
HLJÓMBORÐ: HARALDUR V. SVEINBJÖRNSSON
HLJÓMBORÐ: EINAR ÖRN JÓNSSON
GÍTARAR: JÓN ELVAR HAFSTEINSSON
GÍTARAR: PÉTUR VALGARÐ PÉTURSSON
SAXÓFÓNN, ÞVERFLAUTA OG SLAGVERK: SIGURÐUR FLOSASON
KASSAGÍTAR OG SÖNGUR: EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

BAKRADDIR:
EVA ÁSRÚN ALBERTSDÓTTIR
ERNA ÞÓRARINSDÓTTIR
INGI G. JÓHANNSSON

Öllum tónleikagestum verður boðið uppá afmælissnuttur frá H-Veitingum fyrir tónleika og í hléi.

GESTASÖNGVARAR:
VALDIMAR GUÐMUNDSSON
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
BJÖRN JÖRUNDUR
STEFÁN HILMARSSON

MIDASALA ER
HAFIN Á TIX.IS



HRINGBRAUT

tix.is

BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur

Luktar dyr

Um síðustu helgi héldum við hjónin í leiðangur til að skoða vaskaskápa. Ekki leið á löngu þar til við römbuðum á smekklegan sýningarsal. Sölumaðurinn átti fullt í fangi með að aðstoða annan viðskiptavin og á meðan nýttum við tímann til að dást að hönnuninni – eða finna eitthvað að! Eftir að hafa þreifað á öllum sýnishornum og opnað allar skúffur og skápa tylltum við okkur. Ætluðum að biða róleg. Allt þar til rann upp fyrir okkur að við vorum orðin alein eftir í sýningarrýminu! Í grafarþögn. Eftir að hafa beðið áfram aðeins minna róleg í að því er virtist óratíma sammæltumst við um að fara þar sem ekki mikla þjónustu væri að fá. Það reyndist hins vegar ekki þrautalaust. Sama hvernig við gripum í útidyráhurðina, þá varð henni ekki haggað. Hurðinni hafði verið skellt í lás.

Í lífinu rekst maður stundum á luktar dyr. Þá eru tveir valkostir í stöðunni. Að hamast á hurðinni og súpa hveljur yfir því að komast ekki sem leið liggur. Kannski vorkenna sér svolitið yfir ástandinu. Eða leita annarra leiða og líta á það sem verkefni eða ævintýri.

Í sýningarsalnum göntuðumst við með það að við værum líklega hvorki bráð í falinni myndavél né hryllingsmynd og fórum því á stúfana að finna fólkið. Innst í salnum komum við auga á leynistiga sem leiddi upp í annað rými sem lá svo í enn önnur rými. Á leið okkar var neyðarútgangur en það var full dramatískt að brjótast út um hann. Á endanum opnaði þessi leið nýja vídd í heimi það innréttinga og bauð upp á mun fleiri möguleika en litla sýningarrýmið þar sem við byrjuðum. Og við fundum líka galopinn útgang. Kannski svolitið eins og í lífinu sjálfu þegar maður fer óvænta lengri leiðina. ■

Leikhúsveisla 18. mars!

„leikhópur Ex er í úrvalsgæðaflokki.“
SJ - FBL

„Ekki missa af. Kaupið miða. Strax.“
SJ - FBL

Ex.

„leikhópurinn virkilega sterkur“
Þ.T. Mbl

„gríðarlega vel skrifað leikrit“
EDG. RÖV

Ellen B.

Þjóðleikhúsið

Tvær sýningar á einu kvöldi og veitingar

Matur á milli sýninga

Nú er hægt að sjá tvo hluta Mayenburg-þrileiksins á einu kvöldi. Allir sem kaupa miða á báðar sýningar þessi kvöld fá leikhúsplatta í kaupbæti.

Leikhúsplatti: íslenskir ostar, skinkur, pylsur, ólífur, möndlur og fleira góðgæti. (Einnig hægt að fá vegan).

Miðasala | midasala@leikhusid.is | 5511200 | leikhusid.is

UMHVERFISMARK

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is